

Lokaverkefni til BA-gráðu í HHS;
heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði

Ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu



Höfundur: Hanna Ragnheiður Ingadóttir

Haust 2012

Félagsvísindasvið

Leiðbeinandi: Magnús Árni Magnússon

**Staðfesting lokaverkefnis til BA-gráðu í HHS; heimspeki,
hagfræði og stjórnmálafræði**

Lokaverkefnið:

**Ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði og
fullveldi Palestínu**

Höfundur:

Hanna Ragnheiður Ingadóttir

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hefur hlotið
einkunnina: _____

Bifröst: _____

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu

Nemandi

Hanna Ragnheiður Ingadóttir

Leiðbeinandi

Magnús Árni Magnússon

Haust 2012

Mynd á forsíðu er fengin af vef Palestine Solidarity Alliance

Ágrip

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara þeirri spurningu hvað getur hugsanlega útskýrt þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu.

Fyrst verður farið yfir ríkjandi kenningar í alþjóða- og öryggisfræðum og velt upp þeirri hugmynd hvort Ísland hafi verið að færast undir áhrifasvæði Evrópu síðastliðna áratugi með aukinni samþættingu við álfuna. Þá verður farið yfir sögu Palestínu-Ísraelsdeilunnar, samskipti Íslands við deiluaðila og atburðarásina í kringum viðurkenningu landsins á sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Með tilliti til sögunnar, atburðarásarinnar og samskipta ríkjanna verður síðan reynt að finna ákvörðuninni stað innan fræðanna. Helstu niðurstöður eru þær að afar erfitt reynist að heimfæra ákvörðunina undir raunhyggju en þó er hægt að tengja hana við raunhyggju Waltz ef ákvörðun íslenskra stjórnvalda var tekin með það að markmiði að viðhalda valdajafnvægi í alþjóðasamfélaginu. Þar sem Ísland fékk ekkert í sinn hlut í kjölfar viðurkenningarinnar reynist einnig erfitt að finna ákvörðuninni stað innan frjálslyndisstefnu en þó er hægt að tengja hana við áherslu stefnunnar á mannréttindi. Helstu kenningar og hugmyndafræði sem hægt er að fella ákvörðunina undir eru kenning Alexanders Wendts um stjórnleysi og hugmyndin um hina nýju „evrópsku öld“ þar sem þær fela báðar í sér breytta tíma sem leiða til þess að mögulegt er að taka slíkar ákvarðanir í dag.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 ECTS og er lokaritgerð til BA-gráðu við Háskólann á Bifröst í HHS; heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Ritgerðin var unnin af undirrituðum nemenda á haustmánuðum ársins 2012. Yfirskrift hennar er: *Ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu.*

Það er von mín að ritgerð þessi muni auka skilning og áhuga lesandans á viðfangsefninu eins og gerð hennar jók skilning minn. Sérstakar þakkir fær leiðbeinandi undirritaðrar, Magnús Árni Magnússon, fyrir faglega leiðsögn og gagnlegar ábendingar. Einnig langar mig að þakka Höllu Tinnu Arnardóttur fyrir vandaðan yfirlestur og nytsamleg ráð, Andreu Jóhannsdóttur fyrir aðstoð við gagnaöflun, Sigrúnu Lilju Einarsdóttur fyrir ráðgjöf varðandi aðferðafræði, Sigríði Hrafnhildi Gunnarsdóttur fyrir vandaðan yfirlestur og móður minni, Valgerði Jónu Gunnarsdóttur fyrir að vera mér ávallt til taks þegar kom að málfræðilegum vangaveltum.

Hanna Ragnheiður Ingadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Rannsóknarspurning lokaverkefnis.....	2
1. Hugmyndafræði og kenningar	3
1.1 Raunhyggja.....	3
1.1.1 Nýraunhyggja.....	4
1.1.2 Hvatarraunhyggja	5
1.2 Frjálslyndisstefna	6
1.2.1 Áherslur frjálslyndisstefnu	7
1.3 Félagsleg mótunarhyggja.....	8
1.3.1 Stjórnleysiskenning Wendt	9
1.4 Evrópsk öld.....	9
2. Saga átakanna og samskipti Íslands við deiluaðila	12
2.1 Palestínu-Ísraels deilan.....	12
2.1.1 Eftir stofnun Ísraelsríkis.....	14
2.1.2 Intifada	15
2.2 Samband Íslands og Ísraels	16
2.2.1 Þáttur Íslands í myndun Ísraelsríkis	17
2.2.2 Stjórnmalasamband og venskapur Ísraels og Íslands	18
2.2.3 Verslun og viðskipti á milli Íslands og Ísraels	19
2.3 Samband Íslands og Palestínu	19
2.3.1 Tíundi áratugurinn	20
2.3.2 Formlegt stjórnmalasamband Íslands og Palestínu	21
2.3.3 Verslun og viðskipti á milli Íslands og Palestínu.....	21
3. Atburðarásin í kringum viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á sjálfstæði og fullveldi Palestínu.....	23

3.1 Nefndarálit meirihluta utanríkismálanefndar	24
4. Ákvörðun íslenskra stjórnvalda í ljósi kenninga og hugmyndafræði	27
4.1 Ákvörðunin í ljósi raunhyggju	27
4.2 Ákvörðunin í ljósi frjálslyndisstefnu.....	28
4.3 Ákvörðunin í ljósi félagslegrar mótunarhyggju	29
4.4 Ákvörðunin í ljósi hinnar nýju „evrópsku aldar“	30
5. Niðurstöður.....	32
Lokaorð.....	36
Heimildir.....	37
Fylgiskjal 1.....	43

Inngangur

Þar til undir lok fyrri heimsstyrjaldar var Palestína undir stjórn Ottómanveldisins en þegar Bandamenn unnu stríðið fóru Bretar með yfirráð meirihluta landsins. Í kjölfar stofnunar sionistahreyfingarinnar, sem hafði það að markmiði að finna gyðingum þjóðarheimili, fóru gyðingar að flytja til Palestínu, sem ýtti undir mikla óánægju á svæðinu. Fólksflutningar jukust með árunum, gyðingar keyptu sér jarðir og landsvæði Palestínuríkis rýrnaði. Ónægjan umbreyttist á nokkrum árum í heift með tilheyrandi átökum og ofbeldi sem varð til þess að Bretar afsöluðu sér allri ábyrgð á Palestínu árið 1947 og létu landið Sameinuðu þjóðunum eftir. Stofnunin skipti landinu í tvennt, Ísrael og Palestínu, og var stofnun Ísraelsríkis tilkynnt formlega í kjölfarið. Átök á milli þjóðfélagshópanna tveggja hafa staðið æ síðan (Milton-Edwards, 2011).

Með árunum tókst Ísraelum nokkurn veginn að leggja undir sig alla hina fornu Palestínu og í fjölda ára hafa Palestínumenn og Ísraelar reynt að greina sig hvorir frá öðrum á öllum sviðum samfélagsins. Ofbeldi og hryðjuverk hafa síðan verið tíð milli þjóðanna tveggja og þau leiddu til þess að íslamskir Palestínumenn hófu pólitíska herferð um völdin á svæðum sem áður höfðu tilheyrt arabum, þá sérstaklega Gazasvæðinu og Vesturbakkanum, með það að markmiði að stofna sjálfstætt ríki Palestínumanna. Palestína lýsti loks yfir sjálfstæði þjóðarinnar þann 15. nóvember árið 1988 þrátt fyrir að hafa engin formleg landsyfirráð (Milton-Edwards, 2011). Hinn 29. nóvember árið 2011 á alþjóðlegum samstöðudegi Sameinuðu þjóðanna með Palestínu, samþykkti Alþingi Íslands tillögu um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu fyrst ríkja í vestur- og norðurhluta Evrópu (Utanríkisráðuneytið, 2011a).

Þegar þessi ákvörðun Íslands að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu er ígrunduð er áhugavert að reyna að finna henni stað innan fræðanna og vert að skoða hana út frá ríkjandi kenningum í alþjóða- og öryggisfræðum. Í þessari ritgerð verða raunhyggja (e. realism) og frjálslyndisstefna (e. liberalism) notaðar auk kenningar Alexander Wendt um stjórnleysi. Að lokum verður velt upp þeirri hugmynd hvort að íslensk stjórnvöld hafi tekið þessa ákvörðun sökum þess að ríkið hefur verið að færast meira undir áhrifasvæði Evrópu síðustu áratugi.

Leitast var við að nýta til verkefnisins góðan fræðilegan grunn og notast við bækur á sviði alþjóðafræða, öryggisfræða, alþjóðastjórnmála og bækur um sögu Mið-Austurlanda.

Skoðaðar voru skýrslur, ályktanir Alþingis, blaðagreinar, yfirlýsingar sérfræðinga og vefheimildir.

Deilan á milli Palestínu og Ísraels hefur verið mér ofarlega í huga í þó nokkur ár vegna sérstakrar sögu hennar. Árið 2009 eignaðist ég síðan mágkonu sem fæddist í Palestínu og hún kynnti mér enn betur málavexti og ýtti undir frekari áhuga minn á þessu málefni. Ári síðar hóf ég nám við Háskólann á Bifröst þar sem ég hef meðal annars lært um ýmsar kenningar á sviði alþjóða- og öryggisfræða og hef komist að því að í raun er afar erfitt að staðsetja þá ákvörðun Íslendinga að viðurkenna sjálfstæði Palestínu innan þeirra.

Rannsóknarspurning lokaverkefnis

Í ljósi fyrrnefndra alþjóðafræðikenninga og hugmynda er tilgangur þessa verkefnis að reyna að útskýra þá ákvörðun Íslands að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu og komast að því undir hvaða kenningar þessi ákvörðun getur fallið. Rannsóknarspurning sem lagt var upp með er: *Hvað getur útskýrt þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu?*

1. Hugmyndafræði og kenningar

Með söguna í huga er vert að skoða ríkjandi stefnur í alþjóða- og öryggisfræðum með það að markmiði að finna þessari ákvörðun stað innan þeirra. Þær kenningar sem hér verða teknar fyrir eru raunhyggjan (e. realism) og frjálslyndisstefnan (e. liberalism), þar sem þær eru ráðandi stefnur í öryggis- og alþjóðafræðum. Auk þess verður kenning Alexanders Wendt um stjórnleysi notuð en hann er einn af frumkvöðlum félagslegrar mótunarhyggju (e. social constructivism) á sviði alþjóðafræða og má hugsanlega fella þessa ákvörðun Alþingis undir hana. Að lokum verður velt upp þeirri hugmynd hvort að við séum í raun að stíga inn í nýtt tímabil hinnar „evrópsku aldar“. Ísland hefur alltaf verið undir verndarvæng stórvelda en undanfarna áratugi hefur ríkið verið að færast meira undir áhrifasvæði Evrópu sem þykir jafnan friðsamleg miðað við aðrar heimsálfur nú til dags. Hugsanlega gæti það hafa haft einhver áhrif á þessa ákvörðun íslenskra stjórnvalda.

1.1 Raunhyggja

Raunhyggja hefur verið ráðandi kenning í alþjóða- og öryggisfræðum í fjölda ára. Öll ríki leggja áherslu á eigið öryggi innan alþjóðasamfélagsins en raunhyggja skoðar hvernig ríki ávinna sér öryggi og hvernig þau viðhalda því. Innan raunhyggjunnar má finna margar undirgreinar og misjafna túlkun á kenningunni en allar eiga þær þó eftirfarandi þætti sameiginlega:

Samkvæmt raunhyggju er alþjóðasamfélagið stjórnlaust (e. anarchic) sökum skorts á stjórnvöldum yfir samfélaginu í heild sem ættu þá að hafa einhvers konar hömlur á ríkjunum innan þess. Ríkin starfa hvert og eitt fyrir sig, eru aðalleikmenn alþjóðasamfélagsins á höttunum eftir völdum og nota hvert annað til að öðlast þau. Þar af leiðandi er varanlegur friður í alþjóðasamfélaginu óraunhæft markmið og það eina sem ríkin geta í raun gert er að reyna að halda einhvers konar valdajafnvægi sín á milli. Þar sem leikmennirnir eru skynsamir eru þeir ávallt á varðbergi og geta aldrei verið fullvissir um hvað hin ríkin munu gera og slík óvissa leiðir til skorts á trausti í garð hinna. Raunsæismenn sjá ríkin fyrir sér sem einskonar „svarta kassa“ og líta ekki til innihalds þeirra, það er að ekki skiptir máli hvernig þau eru uppbyggð að innanverðu heldur eru völd þeirra og færni einungis skoðuð út á við. Uppbygging samfélagsins er stjórnlaus og mun því ofbeldi innan þess alltaf vera við líði eins og hefur verið í fortíðinni. Samkeppni og stríð einkenna þar af leiðandi alþjóðasamfélagið. Samvinna er þó möguleg að mati raunsæismanna en aðeins upp að vissu marki og reynist oft erfitt að viðhalda henni. Þar af leiðandi er mjög ólíklegt að hægt sé að ná langtímafriði og

öryggi þar sem samvinna getur ekki útilokað kapphlaup ríkja um völd og yfirburði. Ríkin hugsa einungis um eigin hagsmuni og til að komast af í alþjóðasamfélaginu eru völd mjög mikilvæg svo tryggja megí öryggi (Collins, 2010, bls. 16-17).

1.1.1 Nýraunhyggja

Helstu atriði sem skilja að mismunandi nálganir raunsæismanna eru hvort að það sé fremur uppbygging alþjóðasamfélagsins sem hefur áhrif á hegðun þeirra, mótar og kemur í veg fyrir að samvinna til langs tíma sé möguleg; nýraunhyggja (e. neorealism), eða hvort það sé hvati þeirra til þess að þenjast út sem ýtir undir samkeppni; hvataraunhyggja (e. motivational realism). Nýraunhyggja byggist á lykilspurningunni hvort þessi stjórnlausa uppbygging samfélagsins leiðir til samvinnu eða samkeppni. Kenningunni má skipta enn frekar niður í þrjár undirgreinar og verður hérna farið yfir þær í stórum dráttum (Collins, 2010, bls. 17-18).

Raunhyggja Waltz

Fyrst má nefna raunhyggju Waltz (e. Waltzian realism) sem dregur nafn sitt af stjórnmálafræðingnum Kenneth Waltz en hann var einn þeirra sem kom nýraunhyggjunni á fót sem undirstöðugrein raunhyggju. Samkvæmt greininni mótar alþjóðasamfélagið ríkin þannig að þau leiti stöðugt eftir frekari völdum og óvissa um áform annarra ríkja ýta þar af leiðandi undir samkeppni og gera samvinnu erfiðari fyrir vikið. Völd eru þó ekki lokamarkmiðið heldur öryggi, en því meiri völd sem ríkið hefur, því nær er það markmiðinu. Þar sem alþjóðasamfélagið er stjórnlaust mun enginn veita hjálparhönd og því standa ríkin ein og sér (Collins, 2010, bls. 20-21).

Mikilvæg hugtök í alþjóðafræðum eru „balancing“, „bandwagoning“ og „buckpassing“. Samkvæmt raunhyggju Waltz aðhafast ríki, sem stæðu þá utan átakanna, eftir fyrsta hugtakinu á þann hátt að þau reyna af fremsta megni að viðhalda valdajafnvægi í alþjóðasamfélaginu og taka því fremur málstað „veikari hliðarinnar“ en til dæmis stórveldisins sem hefur yfirburði innan samfélagsins. Annað hugtakið mætti þá flokka svo að ríki skipuðu sér frekar vinningsmegin í pólitískri baráttu til að tryggja öryggi sitt (Collins, 2010, bls. 20-21). Þriðja og síðasta hugtakið fæli í sér að ríki myndu sitja hjá þegar pólitískar deilur væru annars vegar og koma sér þannig undan allri ábyrgð, en það á einmitt við í næstu grein okkar innan nýraunhyggjunnar, sóknarraunhyggju (e. offensive realism) (Collins, 2010, bls. 23).

Sóknarraunhyggja

Samkvæmt sóknarraunhyggju reyna ríki að hámarka völd sín til þess að tryggja öryggi og telja því best að búast ávallt við því versta fyrst að alþjóðasamfélagið er stjórnlaust og mikil óvissa fylgir því. Stórveldi sem færi með forystu innan samfélagsins og með mestu völdin væri þá talið það öruggasta af öllum ríkjum innan þess. Þar sem stefna ríkja er að ná eins miklum völdum og mögulegt er getur það reynst betra fyrir þau að skipta sér ekki af pólitískum árekstrum („buckpassing“) sem gætu haft slæmar afleiðingar fyrir þau svo sem tekjumissi í stríðsrekstri, efnahagslegt tap og svo framvegis (Collins, 2010, bls. 22-23).

Varnarraunhyggja

Varnarraunhyggja (e. defensive realism) er þriðja og síðasta greinin innan nýraunhyggju sem tekin verður hér fyrir en hún tekur í raun annan pól í hæðina en hinar tvær. Samkvæmt henni getur verið hagkvæmast fyrir ríki að taka stefnu í átt að samvinnu, og samkeppni er þá ekki alltaf nauðsynleg. Þegar eitt ríki eykur öryggi sitt með því að stækka herafla sinn eða vopnaburð gætu hin ríkin tekið það sem ógnun og gert það sama. Fyrri ríkið tekur það þá sem ógnun og stækkar enn frekar við sig og þannig gengur það koll af kolli. Þetta vandamál er jafnan kallað öryggisklemman (e. the security dilemma) en samkvæmt varnarraunhyggju væri einmitt samvinna besta lausnin við vandanum. Samvinnan kæmi þá í veg fyrir vopnakauphlaupið og myndi stuðla að jákvæðum samskiptum á meðal ríkjanna. Það fer þó eftir alvarleika deilnanna hvort samvinna er möguleg, en því alvarlegra sem öryggisvandamálið er, því meiri óvissa er um hvað hinn leikmaðurinn mun gera, sem leiðir frekar til samkeppni. Ríki bregðast við hótunum en ekki völdum og snýst því baráttan í raun um hvaða ríki hótar þínu ríki fremur en hvaða ríki hefur mestu völdin (Collins, 2010, bls. 24-27).

1.1.2 Hvataunhyggja

Nálgun raunsæismanna, sem snýr frekar að hvata ríkjanna heldur en uppbyggingu alþjóðasamfélagsins, er jafnan þekkt sem hvataunhyggja. Þar fer áhersla ríkja frá öryggi yfir á hvatir þeirra og markmið. Það afl sem drífur ríkin áfram er í raun græðgi og hefur áhrif á ákvarðanir þeirra í alþjóðasamskiptum. Græðgin ýtir undir að ríki tileinki sér stefnu sem stuðlar að samkeppni og stríði. Græðgi gæti þá átt við vilja ríkja til að þenja sig út, hámarka hagnað sinn, breiða út pólitíska hugmyndafræði eða trú og svo framvegis. Hægt er að fæla gráðug ríki frá því að aðhafast eitthvað af framansögðu og getur valdajafnvægi þar spilað stórt hlutverk. Ríkin hneigjast frekar að því að taka málstað þeirra sem eru vinningsmegin í

pólítískri baráttu („bandwagon“) þar sem meiri líkur eru á hagnaði en ef þau myndu kjósa að viðhalda valdajafnvæginu („balance“) (Collins, 2010, bls. 28-30).

Framantaldar greinar raunhyggjunnar fela í sér að ríkin eru í raun sjálfselsk, standa ein og enginn mun koma þeim til bjargar þegar erfiðleikar steðja að. Á dögum Kalda stríðsins jukust vinsældir kenningarinnar þar sem hún á sérstaklega vel við í heimi þar sem tvö stórveldi etja kappi en erfiðara er að finna henni stað í dag. Þrátt fyrir það er kenningin ríkjandi stefna innan fræðanna og hefur mikið fylgi enn þann dag í dag þó að hún innihaldi fremur einfalda sýn á heiminn.

1.2 Frjálslyndisstefna

Ásamt raunhyggjunni er frjálslyndisstefnan ríkjandi í alþjóða- og öryggisfræðum en þó þykir hún jafnan mun jákvæðari varðandi samvinnu í alþjóðasamfélaginu heldur en raunhyggjan. Alþjóðastjórnsmál einkennast ekki endilega af átökum og ofbeldi heldur færumst við sífellt nær því að öryggi og friður ríki innan þeirra. Ríkin eru aðalleikmennirnir en ólíkt áherslum í raunhyggju má finna aðra leikmenn í alþjóðasamfélaginu svo sem alþjóðastofnanir, frjáls félagasamtök, fjölþjóðleg fyrirtæki og svo framvegis. Einnig má finna aðra leikmenn innan ríkjanna og má þar nefna ríkisstjórnir, stjórnsmálaflokka, hagsmunahópa og svo framvegis sem gegna veigamiklu hlutverki innan samfélagsins. Frjálslyndisstefnan gengur einnig út frá því að alþjóðasamfélagið sé stjórnlaust og uppbygging þess hafi áhrif á hegðun ríkjanna en gefur uppbyggingunni þó ekki eins mikið vægi. Stefnan skoðar frekar hegðun ríkja út frá innlendum aðstæðum og þeim ákvörðunum sem einstaklingar innan mismunandi ríkja taka og hvaða áhrif þær hafa út á við. Alþjóðastjórnsmál geta því breyst eftir því hvaða leikmenn taka ákvarðanir hverju sinni (Collins, 2010, bls. 35-36).

Alþjóðasamfélagið er í stöðugri þróun og samvinna meðal ríkja fer vaxandi sem leiðir til þess að þau verða innbyrðis háð hvert öðru. Leiðtogar ríkjanna og aðrir leikmenn hafa sameiginleg gildi og geta gert samninga sín á milli um ýmis málefni (viðskiptasamninga, mannréttindasamninga og svo framvegis) sem væru í hag allra og skapað þar af leiðandi öruggara umhverfi þar sem efnahagur allra versnar ef til átaka kemur. Ólíkt raunhyggjunni er öryggi til langs tíma því möguleiki í gegnum samvinnu ríkja. Fylgismenn frjálslyndisstefnunnar eru miklir stuðningsmenn lýðræðis, frjáls markaðar, alþjóðlegrar samvinnu og mannréttinda (Collins, 2010, bls. 37-38).

1.2.1 Áherslur frjálslyndisstefnu

Innan frjálslyndisstefnunnar má finna mismunandi áherslur sem fylgjendur kenningarinnar aðhyllast og verða nokkrar þeirra nefndar hér að neðan. Farið verður nánar út í þær síðar í ritgerðinni með þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna fullveldi og sjálfstæði Palestínu í huga.

Markaðsfrjálslyndisstefna

Meginþætti frjálslyndisstefnunnar má finna í markaðsfrjálslyndisstefnu (e. commercial liberalism). Þessi grein kenningarinnar leggur áherslu á kosti frjáls markaðar og útbreiðslu alþjóðlegra viðskipta og fjárfestinga sökum vaxandi alþjóðavæðingar. Hugmyndin á bak við markaðsfrjálslyndisstefnu er að ef ríkið hefur sem minnst afskipti af markaðinum þá muni viðskipti, í hvaða formi sem er, ganga hraðar fyrir sig og verða afkastameiri sem leiðir til þess að hagur allra batnar. Með samvinnu græða ríkin ekki einungis efnahagslega heldur leiðir hún til færri átaka og stríða þar sem þau gætu reynst ríkjunum dýrkeypt. Þegar margir hafa efnahagslega hagsmuni af samvinnu ríkja reynist að auki erfitt fyrir ríkisstjórnir að taka ákvarðanir sem gætu komið í veg fyrir samstarf sökum þrýstings frá hagsmunahópum. Þar af leiðandi stuðlar efnahagsleg og pólitísk samvinna ríkja að friði og öryggi í alþjóðasamfélaginu og í raun var þetta hugsunin á bak við samruna Evrópu, sem var grunnurinn að því sem við þekkjum í dag sem Evrópusambandið (Collins, 2010, bls. 37).

Frjálslyndisstefna og lýðræði

Fylgjendur frjálslyndisstefnunnar hafa löngum stuðlað að og stutt lýðræði með það að markmiði að breyta alþjóðastjórnámálum. Samkvæmt stefnunni mun útbreiðsla lýðræðis í heiminum stuðla að friði þar sem ólíklegt er að lýðræðisríki fari í stríð hvert gegn öðru eða það komi til annars konar átaka á milli þeirra. Lýðræðisríki leita frekar annarra friðsamlegra leiða til þess að leysa deilur svo sem að fara með ágreininginn til lausnar hjá þriðja aðila. Fræðimenn eru ekki sammála um ástæðuna að baki þessari staðhæfingu, sérstaklega í ljósi þess að lýðræðisríki hafa sýnt að þau séu vel fær um að fara í stríð gegn ríkjum með annars konar stjórnarform (J. Baylis, S. Smith, P. Owens, 2011, bls. 237). Þrátt fyrir að það sé engin alþjóðastjórn yfir hinu stjórnlausa alþjóðasamfélagi hafa lýðræðisríkin því enga ástæðu til þess að óttast hvert annað og er útbreiðsla lýðræðis nú stór hluti af utanríkisstefnu margra ríkja með lýðræðislegt stjórnarform (Collins, 2010, bls. 42).

Frjálslyndisstefna og mannréttindi

Ein af helstu áherslum frjálslyndisstefnunnar er á mannréttindi og hefur verið í fjölda ára. Fylgismenn frjálslyndisstefnunnar styðja margvísleg mannréttindi sem geta tengst efnahag, trú, heilsu, kyni, stöðu fólks og svo framvegis og þar á meðal sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Lýðræðisríki þrýsta oft á önnur stjórnvöld, hvort sem þau eru líka lýðræðisleg eða með annars konar stjórnarfyrikomulag, um að leggja meiri áherslu á að virða mannréttindi en mikill hvati kemur einnig frá öflugum stofnunum og samtökum sem starfa bæði innanlands sem og á alþjóðavettvangi (Collins, 2010, bls. 38-39).

1.3 Félagsleg mótunarhyggja

Félagsleg mótunarhyggja fjallar um hvernig einstaklingar öðlast þekkingu byggða á eigin reynslu og hugmyndum. Enn fremur skoðar kenningin hvernig ýmis félagsleg fyrirbæri eru afbrigði félagslegra athæfa eins og til dæmis sjálfstæði. Sjálfstæði væri þá félagslegt fyrirbæri því það er ekki hægt að snerta það eins og veraldlega hluti, það er einungis til vegna þess að í gegnum margvísleg félagsleg athæfi og samskipti hafa mennirnir gefið því merkingu. Það sama má segja um fullveldi, peninga og svo framvegis. Félagsleg mótunarhyggja hefur hlotið mikla hylli innan alþjóða- og öryggisfræða en hún dregur athyglina að mikilvægi hugmyndafræðilegra þátta eins og hugmynda, samskipta, hugtaka, skoðana og gilda, öfugt við raunhyggju og frjálslyndisstefnu sem byggja á efnislegum þáttum í greiningu á hegðun ríkja. Kenningin býður upp á að hægt sé að hugsa um öryggi á margvíslegan máta og hvernig til dæmis aðstæður eins og „stjórnlaust samfélag“ eru í raun uppbyggðar félagslega. Samskipti ríkja eru félagsleg og hugmyndafræðilegir þættir ákvarða hagsmuni þeirra. Staða ríkja er mynduð út frá samskiptum og sameiginlegum gildum sem stýra vali þeirra og ákvörðunum í alþjóðasamfélaginu. Gildi og venjur segja okkur hvernig við eigum að haga okkur, hver staða okkar sé og hvaða hagsmuni við eigum að gæta. Það að vera sjálfstætt ríki eða fullvalda segir því ríkinu hvernig það á að haga sér, hver staða þess sé og hverjir séu hagsmunir þess. Það samfélag sem ríkin búa í er eins og við höfum ákveðið að það sé, samanber að ef við teljum okkur búa í stjórnlausu samfélagi þá er það vegna þess að við höfum ákveðið að það sé þannig. Þar af leiðandi er ávallt rúm fyrir breytingar. Gildi, hugmyndir og skoðanir geta breyst, sem gefur í skyn að hegðun og stöður geti það einnig. Ríki geta myndað örugg samfélög sem byggjast á sameiginlegum gildum og hagsmunum sem skilgreina þau sem einn hóp en ekki mörg mismunandi ríki í stjórnlausu samfélagi þar sem þau þurfa að keppa til að komast lífs af. Alexander Wendt er einn af frumkvöðlum félagslegrar mótunarhyggju á sviði

alþjóða- og öryggisfræða en hér að neðan verður frekar greint frá kenningu hans um stjórnleysi (Collins, 2010, bls. 50-60).

1.3.1 Stjórnleysiskenning Wendt

Alþjóðasamfélagið er stjórnlaust af því að stjórnleysi er mótað af hegðun og hugmyndum ríkja. Wendt tilgreindi þrenns konar stjórnleysismenningu (e. cultures of anarchy) sem hann kallaði „Hobbesian“, „Lockean“ og „Kantian“ (Collins, 2010, bls. 60).

„Hobbesian“ menning dregur nafn sitt af heimspekingnum Thomas Hobbes en innan hennar sjá ríki hvert annað sem óvini og undirstaða menningarinnar er að allir eru í stríði á móti öllum. Ríkin eru andstæðingar í umhverfi þar sem átök og ofbeldi eru nauðsynleg til að komast lífs af. Samkvæmt Wendt var „Hobbesian“ menning einkennandi fyrir alþjóðasamfélagið þar til á 17. öld (Jackson & Sørensen, 2010, bls. 168).

„Lockean“ menning dregur nafn sitt af heimspekingnum John Locke en innan hennar líta ríki á hvert annað sem keppinauta. Þó eru vissar hömlur innan menningarinnar sem leiða til þess að ríki reyna ekki að útrýma hvert öðru og viðurkenna tilvist hinna. Samkvæmt Wendt hefur „Lockean“ menning einkennt nútímasamfélag ríkja síðan árið 1648 í kjölfar tilkomu Westfalen-friðarsamkomulagsins (Jackson & Sørensen, 2010, bls. 168).

Að lokum má nefna „Kantian“ menningu sem dregur nafn sitt af heimspekingnum Immanuel Kant en innan hennar sjá ríki hvert annað sem vini. Ríkin leysa deilur sín á milli friðsamlega og styðja hvert annað ef eitthvert ríkjanna upplifir ógn frá þriðja aðila. Að sögn Wendt hefur „Kantian“ menning verið að myndast á meðal lýðræðisríkja sem treysta hvert á annað og vilja halda friðinn eftir að síðari heimsstyrjöld lauk og búum við því við slíka menningu í dag (Jackson & Sørensen, 2010, bls. 168).

Engin þessara menningartegunda leiðir til endanlegrar byggingar samfélags sem einkennist af stjórnleysi en það fer eftir því hversu rotnar hugmyndir og sameiginleg gildi manna eru í samfélaginu hvort breyting á því er möguleiki. Ríkin eru því aðalleikmennirnir en hvernig þau eru uppbyggð og hvað einkennir þau er byggt á hugsunum þeirra manna sem taka ákvarðanir hverju sinni og öðrum hugmyndafræðilegum þáttum (Collins, 2010, bls. 60-61).

1.4 Evrópsk öld

Árið 1264 varð Ísland frjálst sambandsland Noregs þegar ríkið gekk undir Noregskonung en rúmri öld síðar, árið 1380, fór Ólafur konungur Hákonarson með völd bæði í Noregi og Danmörku. Íslendingar unnu Ólafi hollustueið tveimur árum síðar og upp úr því varð landið

sambandsland beggja ríkjanna (Larsen, 1856, bls. 6). Næstu aldirnar var því Ísland á áhrifasvæði stórveldanna þar til ríkið lýsti yfir sjálfstæði hinn 17. júní 1944 en þá höfðu Danmörk og Noregur verið hernumín af Þjóðverjum í síðari heimsstyrjöld. Danmörk og Noregur voru þó ekki einu ríkin sem höfðu áhrif á hætti landsmanna og sem dæmi má nefna að á árunum 1940 til 1941 komu breskar og bandarískar hersveitir til landsins í kjölfar síðari heimsstyrjaldar og höfðu mikil áhrif á íslenskt samfélag (Tómas Þór Tómasson, 1984, bls. 36). Eftir síðari heimsstyrjöld á tímabilinu þegar Kalda stríðið var á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, frá árinu 1947 þar til að múrinn féll árið 1989, stóðu Íslendingar nær Bandaríkjunum í deilunni og voru undir miklum áhrifum frá þeim og er tímabilið þar af leiðandi stundum þekkt meðal sagnfræðinga sem „ameríska öldin“. Síðastliðna áratugi hefur Ísland verið að aðlagast Evrópu mun meira en áður. Í fræðigrein sinni, *Iceland's external affairs in the Middle Ages: The shelter of Norwegian sea power*, skoðar Baldur Þórhallsson afstöðu Íslands í sögulegu samhengi og nefnir að ef til vill sé Ísland nú meira inni á áhrifasvæði Evrópu og við séum því stödd á hinni „evrópsku öld“ en nánar verður farið út í það hér að neðan (Baldur Þórhallsson, 2012, bls. 6-7).

Evrópusambandið hefur átt stóran þátt í því að mynda samfélag Evrópu eins og við þekkjum það í dag. Sambandið á rætur að rekja til loka síðari heimstyrjaldar og þess vilja leiðtoga í Evrópu að koma í veg fyrir að slíkar styrjaldir eigi sér aftur stað (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 20). Hugmyndafræðin á bak við Evrópusambandið grundvallaðist á því markmiði að tryggja frið í álfunni en nú árið 2012 hlaut Evrópusambandið friðarverðlaun Nóbels fyrir að hafa stuðlað að friði í Evrópu frá lokum styrjaldarinnar, fyrir að hafa efti lýðræði og stutt aðrar þjóðir við að komast undan einræði (Ríkisútvarpið, 2012a). Síðastliðna áratugi hefur Ísland verið að aðlagast samfélagi Evrópuríkjanna mjög og má þar helst nefna gildistöku EES-samningsins þegar Ísland varð hluti af innri markaði Evrópusambandsins, Schengen-landamærasamstarfið sem tók gildi hérlandis árið 2001 og þegar Alþingi samþykkti að sækja um aðild að Evrópusambandinu hinn 16. júlí 2009 (Eiríkur Bergmann, 2009, bls. 180, 193 & 214). Í ljósi vaxandi þátttöku landsins í samfélagi Evrópu er hægt að halda því fram að við lifum nú í raun á hinni „evrópsku öld“ og undir áhrifasvæði álfunnar sem hefur verið að myndast með Evrópusamrunanum.

Ofantaldar kenningar og hugmyndafræði sjá hvata ríkja til vaxtar og uppbyggingu alþjóðasamfélagsins á mismunandi hátt. Raunhyggjan skoðar hvernig ríki ávinna sér öryggi og hvernig þau viðhalda því í hinu „stjórnlausu“ samfélagi en innan hennar má finna ólíkar nálganir á stefnunni. Frjálslyndisstefnan skoðar hegðun ríkja fremur út frá innlendum

aðstæðum og þeim ákvörðunum sem einstaklingar innan mismunandi ríkja taka og áhrifum sem þeim fylgja í kjölfarið. Félagsleg mótunarhyggja skoðar hversu djúpar rætur hugmyndafræðilegir þættir sem mennirnir hafa skapað eiga sér í innviðum samfélagsins og hafa þar af leiðandi áhrif á hvort möguleiki sé á að breyta uppbyggingu þess. Síðastliðna áratugi hefur Ísland verið að aðlagast Evrópu æ meira og ef ríkið er skoðað í sögulegu samhengi má halda því fram að við séum nú stödd á hinni „evrópsku öld“. Það felur þá það í sér að ákvarðanir íslenskra stjórnvalda gætu verið litaðar af friðsamlegum áhrifum frá Evrópu þar sem álfan er jafnan talin friðsamlegri en aðrar heimsálfur í seinni tíð. Með hugmyndafræðina í huga verður í næsta kafla farið yfir sögu deilunnar, samskipti deiluaðila við Ísland og aðdraganda þess að Ísland viðurkenndi sjálfstæði og fullveldi Palestínu.

2. Saga átakanna og samskipti Íslands við deiluaðila

Í þessum kafla verður farið yfir söguna á bak við þessa ákvörðun. Fyrst verður sagt í stórum dráttum frá deilunni milli Palestínu og Ísraels og hvernig ástandið er í dag. Næst verður skoðað samband Íslands við Ísraelsríki og í kjölfarið samband Íslands og Palestínu. Að lokum verður farið yfir atburðarásina í kringum viðurkenningu Íslands á sjálfstæði og fullveldi Palestínu.

2.1 Palestínu-Ísraels deilan

Undir lok nítjándu aldar gaf maður að nafni Theodor Herzl út bók sem bar nafnið *Der Judenstatt* eða *Gyðingaríkið*. Í bókinni hélt hann því fram að sameining gyðinga væri draumur sem aldrei myndi verða að veruleika en daldi á sama tíma mikið gyðingahatur í Evrópu. Herzl kynnti þá framtíðarsýn sína að allir gyðingar myndu snúa aftur heim til hinnar fornu Síon en í hans augum var það í raun viðhorf fremur en ákveðin staðsetning í Jerúsalem. Hugmynd hans naut þó nokkurs fylgis en það var ekki fyrr en hann kynntist Arthur Balfour, þáverandi utanríkisráðherra Bretlands, að hugmynd hans fékk þann stuðning sem hún þurfti. Utanríkisráðherrann gaf út yfirlýsingu í kjölfarið hinn 2. nóvember árið 1917, fyrir hönd bresku krúnunnar, sem er jafnan þekkt sem Balfour-yfirlýsingin (Milton-Edwards, 2011, bls. 41). Yfirlýsingin fól í sér loforð til forystumanna sionistahreyfingarinnar um að Bretar myndu fá gyðingum þjóðarheimili innan Palestínu með þeim fyrirvara að það bitnaði ekki á réttindum og pólitískri stöðu þeirra sem fyrir byggju í landinu (Balfour, 1917). Yfirlýsingin varð öflugt vopn í baráttu gyðinga fyrir þjóðríki, en þeir álitu sig eiga sögulegan og trúarlegan rétt á landinu, og varð í raun fyrsta skrefið í átt að sjálfstæði ríkisins árið 1948 en Palestína var ennþá undir stjórn Ottómana þegar skjalið var undirritað. Einungis mánuði síðar leið Ottómanveldið undir lok og yfirlýsingin hlaut samstundis mun meira gildi (Al Jazeera, 2010). Enginn vissi fyrir víst hvort Balfour ætlaði sér að standa við loforð sitt eða hvort yfirlýsingin hafði einungis verið gerð til þess að afla Bretum stuðnings í fyrri heimsstyrjöldinni enda höfðu Bretar einnig gert samninga við Palestínumenn og náðu að telja Sharif Hussein, leiðtoga araba, á að hefja uppreisn gegn Ottómönnum. Í staðinn lofuðu Bretar stuðningi þegar kæmi að sjálfstæði araba. Arabar sáu fram á arabískumælandi stórveldi og leiddu uppreisn gegn Ottómönnum frá árinu 1916 til 1918 (Milton-Edwards, 2011, bls. 27).

Um miðja fyrri heimsstyrjöld í maí 1916, ári fyrir undirritun Balfour-yfirlýsingarinnar, gerðu Bretar og Frakkar leynilegt samkomulag sín á milli með samþykki Rússa um hvernig þeir myndu sundra Ottómanveldinu og skipta því á milli sín en samkomulagið er jafnan þekkt

sem Sykes-Picot-samkomulagið (BBC News, 2001). Þegar stríðinu lauk með sigri Bandamanna fengu því Bretar og Frakkar yfirráð yfir meirihluta Mið-Austurlanda (Milton-Edwards, 2011, bls. 31).

Frá 1918-1922 gjörbreyttist landakort Mið-Austurlanda og einkenndust millistríðsárin af tilraunum Evrópuveldanna til að tryggja völd sín á svæðinu. Dregnar voru beinar línur eftir landakorti án tillits til náttúru, þjóðernis, tungumáls eða trúarbragða og um 1922 höfðu myndast allt önnur Mið-Austurlönd en voru á tímum Ottómanveldisins. Hin nýju landamæri leiddu til myndunar nýrra pólitískra eininga, nýlendna, nýrra ríkja og verndarsvæða sem leiddi til mikillar óánægju meðal íbúa á svæðinu en þeir hefðu kosið að ráða sér sjálfir (Milton-Edwards, 2011, bls. 30). Bretar fengu umsjón yfir meirihluta Palestínu, loforð þeirra til Palestínumanna varð að engu og flóðgáttir opnuðust með straumi gyðinga inn í landið. Palestínumenn hafa verið í sjálfstæðisbaráttu síðan fyrir landi sem þeir telja að Ísraelsmenn hafi tekið af þeim (Milton-Edwards, 2011, bls. 41).

Öryggismálum innan Palestínu hrakaði alvarlega með gríðarlegum fjölda innflytjenda á millistríðsárunum þar sem innflytjendum voru jafnvel falin ýmis sérréttindi sem Palestínumönnum var neitað um. Það leiddi til mikillar spennu milli þjóðanna tveggja og ýmsar palestínskar andspyrnuhreyfingar spruttu upp í kjölfarið með tilheyrandi mótmælum, verkföllum, kröfugöngum, ofbeldi og uppreisnum í þeim tilgangi að krefjast sjálfsákvörðunarréttar yfir landi sem þeir höfðu búið í um aldir. Straumur innflytjenda jókst ennþá örar í kjölfar seinni heimsstyrjaldar þegar Adolf Hitler komst til valda í Þýskalandi með opinbera herferð gegn gyðingum (Milton-Edwards, 2011, bls. 43). Hatur, ofbeldi og lögleysa innan landsins á milli þjóðanna tveggja, auk þess að vera undir þrýstingi frá Bandaríkjunum um að veita gyðingum frekari stuðning, leiddi til þess að Bretar sáu fram á að það eina í stöðunni væri að yfirgefa landið undir lok síðari heimsstyrjaldar. Árið 1947 lýstu þeir yfir fyrirætlunum sínum um að láta landið í hendur Sameinuðu þjóðunum en stofnunin hafði þá ákveðið að skipta landinu upp þegar Bretar létu af stjórn þess. Palestínu var þá skipt í tvennt; Ísrael og Palestínu, auk þess sem Jerúsalem varð undir alþjóðlegri stjórn. Við þá skiptingu fengu síonistar um það bil 55% af landi Palestínu og Palestínumenn voru þar af leiðandi neyddir til þess að láta eftir land sem hafði verið í eigu margra palestínskra ættliða. Sama dag og Sameinuðu þjóðirnar fengu yfirráð yfir svæðinu lýsti Ísrael yfir sjálfstæði hins nýja ríkis. Átökin mögnuðust gríðarlega í kjölfarið (Milton-Edwards, 2011, bls. 43-44).

2.1.1 Eftir stofnun Ísraelsríkis

Daginn eftir stofnun Ísraelsríkis braust út stríð á milli araba og Ísraelsmanna þegar Egyptar, Jórdanar og Sýrlendingar réðust á Ísraelsríki með stuðningi frá Líbanon, Sádi-Arabíu og Írak og reyndu að ná Palestínu aftur undir stjórn araba. Ísraelar brutu heri araba á bak aftur og stækkuðu landsvæði gyðinga um helming þegar stríðinu lauk um ári síðar. Helsta niðurstaða stríðsins var að hátt í milljón Palestínumanna varð landflótta á þessum tíma og eru þeir og afkomendur þeirra það enn en einnig flúðu margir á Vesturbakkann, sem þá var undir stjórn Jórdana, og á Gazaströndina, sem var undir stjórn Egypta. Þessi gríðarlegi fjöldi flóttamanna hafði afdrifaríkar afleiðingar enda flúðu margir þeirra til nærliggjandi landa, sem olli mikilli spennu í þeim löndum á meðal heimamanna og flóttamannanna. Því var lýst yfir að Ísrael væri óvinur araba og fulltrúi Vesturlanda, þá sérstaklega Bandaríkjanna, sem voru þá fyrirlitin meðal araba í Mið-Austurlöndum (Milton-Edwards, 2011, bls. 116). Átökunum á milli Ísraels og araba var langt frá því lokið en síðan Ísraelsríki var stofnað árið 1948 hafa fimm stórfelld stríð verið háð á milli aðilanna og hafa öll ríki araba verið viðriðin þau á einn eða annan hátt. Aðeins tvö arabaríki hafa í raun samið um frið við Ísrael; Egyptaland og Jórdanía, en síðan Egyptaland samdi frið árið 1978 hefur ríkið viðhaldið eins konar „köldum friði“ við Ísrael auk þess að hafa þurft að þola ákveðna einangrun og refsingu af hálfu hinna arabaríkjanna (Milton-Edwards, 2011, bls. 114-115).

Undir lok sjötta áratugarins var þó Egyptaland í fararbroddi Mið-Austurlanda og forseti landsins, Gamal Abdel Nasser, þótti vera áhrifa- og valdamesti leiðtogi í ríkjum araba. Arabar litu upp til hans og með árunum fann Nasser fyrir vaxandi þrýstingi um að gera árás á gyðinga. Þrátt fyrir að meirihluti egypska hersins væri starfandi í Jemen lýsti Nasser því yfir, með von um stuðning frá öðrum arabaríkjum, að hann hygðist ráðast á Ísraelsríki (Al Jazeera, 2008). Ísraelar brugðust við yfirlýsingunni með því að ráðast á og eyðileggja flugher Egypta, Sýrlendinga og Jórdana snemma morguns hinn 5. júní 1967 (BBC Home). Hið fræga sex daga stríð var hafið en því lauk 10. júní sama ár með gríðarlegum hernaðarlegum ósigri fyrir arabaríkin og ýtti undir hringrás árása í kjölfarið á milli Ísraelsmanna og araba. Sex daga stríðið var stríð milli Ísraels annars vegar og Egyptalands, Jórdaníu og Sýrlands hins vegar. Írak, Sádi-Arabía, Súdan, Túnis, Marokkó og Alsír lögðu einnig til hersveitir til stuðnings arabalöndunum. Ósigurinn og örvæntingin sem kom í kjölfar stríðsins leyndi sér ekki en í stríðslok hafði Ísrael náð yfirráðum yfir Sínaískaga, Gaza-svæðinu, Vesturbakka Jórdanár, Austur-Jerúsalem og Gólanhæðum; landakort Palestínu fór minnkandi og þvinguðu Ísraelar araba til þess að búa á litlum, þéttbýlum stöðum á fyrrnefndum svæðum. Þegar

Palestínumönnum varð ljóst að þeir gætu ekki treyst alfarið á nágrannaríki sín breyttist þjóðernisvitund þeirra og ýmsar pólitískar hreyfingar spruttu upp sem höfðu það að markmiði að berjast fyrir frelsi á herteknu svæðunum (Milton-Edwards, 2011, bls. 116-118).

2.1.2 Intifada

Á næstu árum hófu Ísraelar mikla uppbyggingu og bjuggu til ríki gyðinga þar sem arabar nutu ekki sömu réttinda. Í leit að vinnu fóru Palestínumenn ítrekað yfir „grænu línuna“ eða landamærin sem voru sett árið 1967, þar sem hægt var að fá starf í ófaglærðum verkamannastörfum hjá Ísraelum fyrir afar lág laun og gyðingar versluðu oft á mörkuðum arabá. Þrátt fyrir það reyndu Ísraelsmenn og Palestínumenn sem best þeir gátu að aðgreina sig hvorir frá öðrum á öllum sviðum samfélagsins og varð aldrei úr raunverulegri samþættingu þjóðfélagshópanna tveggja. Frá 1960 til 1990 var mikið um ofbeldi og hryðjuverk á milli þjóðanna tveggja hvorrar í garð annarrar, þá sérstaklega á Gaza-svæðinu og Vesturbakkanum. Íslamskir Palestínumenn hófu pólitískar herferðir og fljótlega varð ljóst að þeir voru orðnir sterkir keppinautar um völdin á svæðunum. Ísraelar brugðust við með því að setja sterkar stjórnámahreyfingar eins og Frelsissamtök Palestínu (PLO) í útlegð og gat það varðað langri fangelsisvist ef fólk gekk í pólitísk samtök (Milton-Edwards, 2011, bls. 119). Frelsissamtök Palestínu höfðu þá árið 1974 verið viðurkennd af Palestínumönnum sjálfum og meirihluta arabahéimsins sem eini lögmæti fulltrúi palestínsku þjóðarinnar en Yasser Arafat var leiðtogi samtakanna frá árinu 1969 þar til hann dó árið 2004 (Glenn E. Robinson).

Opinberir fundir voru þá bannaðir af Ísraelsmönnum með öllu auk þess sem fólki var meinað að fara á frjálsar samkomur (Milton-Edwards, 2011, bls. 119). Vaxandi fjöldi mannréttindabrota og árása og þær aðstæður sem arabar bjuggu við sökum hernáms Ísraelsmanna leiddu til uppreisnar Palestínumanna í desember 1987 (Al Jazeera, 2003). Á Gaza-ströndinni, á Vesturbakkanum og í Jerúsalem urðu óvænt mótmæli og samfélag Palestínumanna uppskar eina stærstu pólitísku byltingu í sinni sögu sem jafnan er þekkt sem „Intifada“. Aðalmarkmið uppreisnarmanna var að binda enda á búsetu Ísraela á Gazaströndinni og Vesturbakkanum og stofna sjálfstætt ríki Palestínumanna. Með „Intifada“ gáfu Palestínumenn í skyn að þeir höfnuðu öllu sem stjórn Ísraels stæði fyrir, höfnuðu yfirráðum þeirra yfir Palestínumönnum og neituðu meðal annars að borga skatta (Milton-Edwards, 2011, bls. 119-120). Allt samfélagið tók þátt í byltingunni, frá stofnunum og stéttarfélögum niður í óbreytta borgara (Al Jazeera, 2003). Jafnt gamlir sem ungir voru með en táknmynd „Intifada“ sýnir einmitt börn og ungmenni standandi frammi fyrir her Ísraelsmanna, kastandi steinum í hermennina (Al Jazeera, 2009b). Stjórnvöld í Ísrael brugðust

meðal annars við með því að myrða, handtaka og vísa aröbum á brott úr landinu en uppreisnin stóð í um það bil fimm ár (Al Jazeera, 2003). Í miðri uppreisn, 15. nóvember 1988, á fundi þjóðþings Frelsissamtaka Palestínu sem haldið var í Alsír, lýsti Yasser Arafat einhliða yfir staðfestingu stofnunar ríkisins Palestínu (Al Jazeera, 2009a). Um það bil mánuði síðar, 13. desember 1988, ávarpaði Arafat allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem þá var haldið í Genf í stað New York eins og hefðbundið er þar sem Bandaríkin höfðu neitað leiðtoganum um vegabréfsáritun. Þar endurtók hann yfirlýsingar þjóðþingsins frá um það bil mánuði áður og fordæmdi hryðjuverk í hvaða formi sem þau ættu sér stað og óskaði jafnframt eftir friðarumleitunum sem myndu byggjast á tveggja ríkja lausn (Al Jazeera, 2009b) (Alþingi, 2011).

Eftir stormasöm ár árása úr báðum áttum skrifuðu Palestínumenn og Ísraelsmenn undir yfirlýsingu árið 1993 sem innihélt tímaáætlun um hvernig samningaviðræður skyldu fara fram og gáfu Palestínumönnum bráðabirgðaheimastjórn (Milton-Edwards, 2011, bls. 120). Oslóaryfirlýsingin, eins og hún er jafnan kölluð, var einnig staðfesting, af hálfu stjórnar Ísraels og Frelsissamtaka Palestínu, þess að báðir aðilar væru tilbúnir að viðurkenna tilvist hvor annars en nánar verður fjallað um hana síðar í ritgerðinni (Al Jazeera, 2009a). Friðarvonir voru þó orðnar að engu í lok 20. aldarinnar vegna árása Ísraelsmanna á árunum á undan sem og uppbóta Palestínumanna í september 2000 en sú bylting er jafnan þekkt sem „hin vopnaða Intifada“ (e. the armed Intifada) (Milton-Edwards, 2011, bls. 119-120). Misheppnaðar samningaviðræður, ólögmet landtaka Ísraelsmanna, aðskilnaðarmúr og frekari aðgreining þjóðfélagshópanna, stanslausar árásir frá báðum hliðum og brostnar friðarvonir hafa einkennt svæðið síðan (Al Jazeera, 2009b).

2.2 Samband Íslands og Ísraels

Alla síðustu öld og það sem af er þessari hefur stuðningur Íslendinga við gyðinga verið fremur sveiflukenndur. Í raun voru afar fáir gyðingar búsettir hérlendis í byrjun 20. aldarinnar. Þegar ofsóknir á hendur gyðingum hófust vegna stefnu nasista í Þýskalandi flúðu margir þeirra til annarra ríkja, meðal annars til Íslands. Að sögn Þórs Whitehead sagnfræðings var það meginregla íslenskra stjórnvalda á þessum tíma að hindra aðflutning útlendinga til landsins og átti það sérstaklega við um gyðinga. Hundruðum gyðinga var neitað um landvistarleyfi á þeim forsendum að þeir hefðu atvinnu af Íslendingum og gætu spillt menningu okkar og kynstofni (Fréttablaðið, 2005). Nokkrir gyðingar fengu þó að búa hér en máttu þola vissa fordóma í sinn garð, sérstaklega þar sem vitneskju Íslendinga um gyðinga var hægt að takmarka við Biblíuna og Passúsálma Hallgríms Péturssonar þar sem farið var miður fögrum orðum um þá

(Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, 2004). Árið 1933 var síðan flokkur þjóðernissinna stofnaður en hann var undir miklum áhrifum frá þýska nasistaflokknum eins og skýrt mátti sjá á stefnuskrá hans en fyrsta ákvæði hennar fjallaði um að vernda íslenskt þjóðerni gagnvart kynblöndun og úrkynjun (Ásgeir Guðmundsson, 1976, bls. 37). Árið 1938, ári áður en síðari heimsstyrjöld hófst, var stefna stjórnvalda skýr og fleiri gyðingum yrði ekki veitt landvist á Íslandi (Morgunblaðið, 1974, bls. 14).

2.2.1 Þáttur Íslands í myndun Ísraelsríkis

Á árunum eftir síðari heimsstyrjöld og helförina var annar hljómur í Íslendingum gagnvart gyðingum. Árið 1947 markaði viss tímamót í samskiptum þjóðanna þegar Ísland var valið í nefnd þriggja ríkja á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna til að gera tillögur að skiptingu Palestínu. Thor Thors, sendiherra og fyrsti fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, var samhljóða valinn framsögumaður (Utanríkisráðuneytið) (Ad Hoc Committee on Palestinian Question, 1947). Thor mælti fyrir hinni svokölluðu tveggja ríkja lausn þar sem Palestínu væri skipt upp í tvö ríki; ríki gyðinga og ríki araba, og gerði þar af leiðandi ráð fyrir tilvist Ísraels (Össur Skarphéðinsson, 2011a). Samkvæmt ævisögu Abba Eban, þáverandi utanríkisráðherra Ísraels, sem var viðstaddur þegar þessi afdrifaríka ákvörðun var tekin, skipti höfuðmáli að allsherjarþingið fengi jákvæð skilaboð varðandi skiptingu ríkjanna frá íslenska sendiherranum þar sem hann var fyrsti ræðumaður dagsins. Annars yrði málinu mögulega frestað og tók hann fram hversu sérstakt það væri að örlög gyðinga skyldu vera í höndum þessa litla eyríkis með innan við 175.000 manns í íbúafjölda. Þann sama morgun fór Eban á fund Thors sem upplýsti hann um að íslenska þjóðin væri ekki svo ósvipuð þeim sjálfum og hún hefði skilning á þeirri þrautseigju sem gyðingar hefðu sýnt með því að halda í þjóðararf sinn, þar sem á Íslandi væri fastheldið lýðræði sem hefði í gegnum aldirnar varðveitt þjóðararf sinn vel. Í langan tíma hafði verið reynt að koma á samkomulagi á milli araba og gyðinga án árangurs, því voru íslenski sendiherrann og utanríkisráðherra gyðinga sammála um að nú væri þörf á skýrri „ákvörðun“ og hún myndi þá síðar leiða til samkomulags. Ályktunin var samþykkt 29. nóvember 1947 með 33 atkvæðum á móti þrettán en tíu ríki sátu hjá (Eban, 1977, bls. 97-99).

Þetta varð til þess að Ísrael sótti um inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar um það bil tveimur árum síðar og var kosið um það á allsherjarþinginu hinn 11. maí 1949. Meðal þeirra sem kusu með ályktuninni var að sjálfsögðu Ísland. Á þinginu tók íslenski sendiherrann það fram að sendinefnd landsins tryði því að öflug þátttaka Ísraels myndi styrkja Sameinuðu þjóðirnar og stuðla að árangursríkum lausnum bæði á núverandi vandamáli og framtíðarvandamálum. Þar af leiðandi ætti að bjóða Ísrael velkomið sem aðila Sameinuðu

þjóðanna. Ályktunin var samþykkt með 37 atkvæðum en tólf voru á móti og níu sátu hjá. Meðal ástæðna sem gefnar voru fyrir þessari ákvörðun var að það væri rökrétt niðurstaða að taka ríkið inn sem aðila í Sameinuðu þjóðirnar þar sem það var stofnunin sjálf sem skapaði ríkið Ísrael (United Nations, 1949). Síðan þá hafa verið sterk vináttubönd milli Íslands og Ísraels.

2.2.2 Stjórnmalasamband og venskapur Ísraels og Íslands

Alveg síðan í júní árið 1948 hefur verið stjórnmalasamband á milli Ísraels og Íslands (Utanríkisráðuneytið, 2010) en sendiráðið í Osló í Noregi sér um fyrirsvar þeirra hvors gagnvart öðru. Ræðisskrifstofa Ísraels er síðan í Reykjavík (Utanríkisráðuneytið (b)).

Ísland er einnig í Atlantshafsbandalaginu (NATO) en hernaðarbandalagið var upphaflega stofnað af ellefu ríkjum ásamt Bandaríkjunum. Í stofnsáttmála bandalagsins, sem var undirritaður árið 1949, hétu ríkin því að ef ráðist yrði á eitt þeirra myndu hin koma því ríki til varnar. Ásýnd Atlantshafsbandalagsins hefur þó breyst með árunum og kennir það sig fremur við frið en hernað nú til dags. Bandaríkin hafa frá stofnun Ísraels stutt landið, til dæmis með fjárstuðningi, talað fyrir ríkið á alþjóðavettvangi og svo framvegis (Lesbók Morgunblaðsins, 2002). Þrátt fyrir að Ísrael sé ekki meðlimur Atlantshafsbandalagsins hefur það fyrir tilstuðlan Bandaríkjanna verið meðlimur í Miðjarðarhafssamráðinu (e. The Mediterranean Dialogue) síðan árið 1995 en það er samstarfsverkefni NATO og ýmissa ríkja (Zhang). Markmið samstarfsins er að skapa góð samskipti, traust og meiri gagnkvæman skilning milli ríkjanna sem mun þar af leiðandi efla öryggi og stöðugleika í alþjóðasamfélaginu (North Atlantic Treaty Organization). Ísrael hefur einnig hlotið nafngiftina „Major non-NATO ally“ sem gefur ríkinu aðgang að ýmsum gögnum til að notast við í hernaði (Global Security.org). Þrátt fyrir að Ísrael sé ekki fullgildur meðlimur í NATO eru því Ísland og Ísrael í samstarfi í gegnum bandalagið.

Vinasamband Íslands og Ísraels var undirstrikað í gegnum árin með hinum ýmsu heimsóknum æðstu ráðamanna beggja ríkja en árið 1966 varð sá sögulegi atburður að þáverandi forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, heimsótti Ísrael og hlotnaðist sá heiður að verða fyrsti erlendi þjóðhöfðinginn til þess að ávarpa Knesset, þing Ísraels. Þar flutti hann kveðjur frá íslensku þjóðinni með þeirri yfirlýsingu að hún vonaði af öllu hjarta „að Ísrael mætti njóta friðar og hagsældar um alla eilífð“ og skiptust forsetar ríkjanna á gjöfum í framhaldinu (Morgunblaðið, 1966, bls. 1 & 23). Síðar í ferð sinni klippti Ásgeir á borða og opnaði

formlega nýja götu, Íslandsstræti, í Jerúsalem en hann sjálfur gaf götunni nafnið (Morgunblaðið, 1992).

2.2.3 Verslun og viðskipti á milli Íslands og Ísraels

Fríverslunarsamningur á milli Íslands og Ísraels var gerður í september árið 1992 en tók gildi ári síðar þann 1. ágúst árið 1993. Samningurinn er hluti af sameiginlegum samningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) við Ísrael sem Ísland er meðlimur að. Samningurinn fjallar um fríverslun á milli ríkjanna með iðnaðarvörur, afnám tolla og fleira (Utanríkisráðuneytið (a)). Mikil viðskipti eru því á milli þjóðanna tveggja, þó aðallega innflutningur. Samkvæmt Hagstofu Íslands eru helstu vörur sem Íslendingar flytja inn frá Ísrael grænmeti og ávextir, málmar aðrir en járn, rafmagnstæki og rafeindabúnaður, lífræn og ólífræn kemísk efni og fleira. Frekari útlistun á innflutningi má finna í fylgiskjali 1. Á meðan vöruútflutningur hefur minnkað síðastliðið ár hefur innflutningur um það bil tvöfaldast á milli ríkjanna á síðustu fimm árum (Hagstofa Íslands, 2012, bls. 14-15).

Síðastliðna áratugi hafa vinsældir Ísraelsríkis dvínað hérlendis í kjölfar vaxandi fjölda mannréttindabrota, árása og átaka á milli gyðinga og araba en þegar þetta er ritað er Alþingi að íhuga að slíta stjórnmalasambandi við Ísrael en tillaga þess eðlis var lögð fram í nóvember á þessu ári (Ríkisútvarpið, 2012c). Þó má finna ýmis samtök á Íslandi sem hafa það að markmiði að veita Ísraelsmönnum stuðning eða hafa lýst opinberlega yfir stuðningi sínum við ríkið.¹ Stuðningsmenn Palestínnumanna hafa þó verið háværari á landsvísu en frekar verður greint frá því í næsta kafla.

2.3 Samband Íslands og Palestínu

Samskipti Íslands og Palestínu ná ekki jafn langt aftur í tímann og samskipti landsins og Ísraels en í raun voru engin samskipti á milli þjóðanna fyrr en undir lok níunda áratugar síðustu aldar. Svo vitnað sé í Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fól stuðningur Íslands við tveggja ríkja lausnina árið 1947 í sér staðfestingu annars vegar á tilvist Ísraelsríkis en hins vegar tilvist Palestínu og hefur Ísland þar af leiðandi formlega stutt þá ályktun að Palestína sé fullvalda ríki alveg síðan þá (Össur Skarphéðinsson, 2011b). Það var þó ekki fyrr en 18. maí 1989 að Alþingi samþykkti þingsályktun númer 1256 um deilur Palestínnumanna og Ísraelsmanna sem fól í sér áherslu á viðurkenningu á sjálfsákvörðunarrétti Palestínu, rétti palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til heimkynna sinna, og taldi að Ísland ætti að eiga

¹ Frekari upplýsingar um samtök má til dæmis finna á eftirfarandi heimasíðum: <http://zion.is/>, <http://www.aglow.is/> og <http://www.island-israel.is/>.

friðsamleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu (Alþingi, 1989). Össur komst svo að orði að með þessum yfirlýsta stuðningi við Palestínu hefðu jafnan fylgt skýrar kröfur af hálfu íslenskra stjórnvalda um að Palestínumenn framfylgdu gildum og áherslum sem kæmu fram í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna (Össur Skarphéðinsson, 2011b).

2.3.1 Tíundi áratugurinn

Árið 1990 varð hins vegar sá stórviðburður að þáverandi forsætisráðherra Íslands, Steingrímur Hermannsson, fór til Túnis og hitti Yasser Arafat og palestínsku stjórnina fyrstur allra vestrænna leiðtoga (Össur Skarphéðinsson, 2011b). Samskipti voru komin á en jukust í kjölfar Oslóarsamkomulagsins árið 1993 sem í raun voru leynilegar friðarviðræður á meðal leiðtoga Palestínu og Ísraels fyrir tilstilli norsku stjórnarinnar. Samkomulagið gat af sér fimm ára bráðabirgðaaætlun í átt að friði þar sem Ísraelsmenn hétu því að draga heri sína til baka af hernumdum svæðum Palestínu og að heimastjórn Palestínu yrði formlega sett á stofn með stuðningi Ísraels. Þar af leiðandi viðurkenndu báðir aðilar tilverurétt hins og var samkomulagið undirritað í garði Hvíta hússins í Washington (BBC News, 2008). Í raun var þetta í fyrsta skipti sem ísraelsk stjórnvöld viðurkenndu Frelsissamtök Palestínu og rétt Palestínumanna en fáeinum árum síðar var þó orðið ljóst að ríkin stæðu ekki við áætlunina og ekki sá fyrir enda stríðs (Sveinn Rúnar Hauksson, 1996).

Vinaleg samskipti á milli Íslands og Palestínu jukust í kjölfar Oslóarfriðarsamkomulagsins árið 1993 eins og áður kom fram en þá hóf ríkisstjórn Íslands að veita Palestínu fjárstuðning til uppbyggingar á sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna á Gaza og Vesturbakkanum sem og í þeim tilgangi að auka vinaleg samskipti á milli þjóðanna (Halldór Ásgrímsson, 2000). Það varð til þess að árið 2000 tóku íslensk yfirvöld upp formleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu sem talin voru af fjölmiðlum jafngilda formlegu stjórnmalasambandi við landið. Þá var yfirmaður sendinefndar þeirra í Osló samþykktur sem yfirmaður aðalsendinefndar í Palestínu á Íslandi með aðsetur í Noregi. Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, taldi þetta vera til frekari eflingar á samskiptum Íslands og Palestínu (Morgunblaðið, 2000). Utanríkisráðherra var þó ekki sammála fjölmiðlum og taldi þessi nýju samskipti ekki fela í sér stjórnmalasamband á milli landanna en þó væru samskipti þeirra eins formleg og þau gætu orðið í ljósi þess að Palestína væri ekki viðurkennt sjálfstætt ríki (Halldór Ásgrímsson, 2000).

2.3.2 Formlegt stjórnmálasamband Íslands og Palestínu

Árið 2007 boðaði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi utanríkisráðherra, stefnubreytingu í samskiptum Íslands og þjóðstjórnar Palestínumanna og vildi að komið yrði á „eðlilegum samskiptum“ á milli þjóðanna tveggja að fordæmi Norðmanna (Fréttablaðið, 2007b). Norðmenn höfðu þá, fyrstir allra Evrópuþjóða, komið á stjórnmálasambandi við Palestínumenn (Fréttablaðið, 2007a). Í kjölfar þessarar yfirlýsingar hélt Ingibjörg utan til Mið-Austurlanda í annað sinn og kynnti sér málavexti enn frekar og fór meðal annars á fund leiðtoga Palestínu sem og leiðtoga Ísraels (Fréttablaðið, 2007b). Þáverandi forseti Palestínu, Mahmoud Abbas, heimsótti síðan Ísland í apríl 2008 og var leiðtoganum afhent bréf í heimsókn sinni sem tilkynnti að fulltrúi Íslands gagnvart Palestínu, Þórður Ægir Óskarsson sendiherra, hefði verið formlega skipaður (Utanríkisráðuneytið, 2009).

Það var þó ekki fyrr en árið 2011 að hjólin fóru að snúast af alvöru og var fyrsta skrefið tekið í júlí þegar staða sendinefndar Palestínu gagnvart Íslandi var uppfærð úr fulltrúaskrifstofu í sendiskrifstofu (Össur Skarphéðinsson, 2012). Palestína sótti síðan um fulla aðild að Sameinuðu þjóðunum og viðurkenningu sem sjálfstætt ríki (BBC News; Middle East, 2011) í september og hélt ráðherra Íslands ræðu á allsherjarþingi Palestínumanna þar sem hann lýsti því yfir að íslensk stjórnvöld styddu þessa umsókn Palestínu og hefðu í hyggju að leggja fram þingsályktunartillögu á Alþingi um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi landsins (Össur Skarphéðinsson, 2012). Viðurkenningin var síðan fengin hinn 29. nóvember árið 2011 á alþjóðlegum samstöðudegi Sameinuðu þjóðanna með Palestínu og í kjölfarið hafði utanríkisráðherra orð á því að hann reiknaði með að Ísland myndi nú skipa sérstakan sendiherra gagnvart Palestínu og að Palestína myndi skipa íslenskan heiðurskonsúl þar í landi (Ríkisútvarpið, 2011). Hinn 15. desember staðfestu Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra Íslands, og dr. Riad Malki, utanríkisráðherra Palestínu, formlegt stjórnmálasamband milli þjóðanna tveggja (Utanríkisráðuneytið, 2011b) og sagði Össur þessa viðurkenningu skapa enn frekar tækifæri til að styrkja samskipti ríkjanna sem nú væru komin á annað stig (Utanríkisráðuneytið, 2011c). Dr. Malki sagði samband Íslands og Palestínu einstakt og þessa ákvörðun íslenskra stjórnvalda afar mikilvæga fyrir málstað Palestínu enda fyrst allra landa í vestur- og norðurhluta Evrópu til þess að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu (United Nations, 2011).

2.3.3 Verslun og viðskipti á milli Íslands og Palestínu

Hvað varðar verslun og viðskipti á milli Íslands og Palestínu er skemmst frá því að segja að engin skjöl má finna um vöruútflutning eða innflutning hjá Hagstofu Íslands. Hins vegar

liggur nú, þegar þetta er ritað, fyrir tillaga til þingsályktunar sem varðar merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu. Í tillögunni felst að ríkisstjórnin eigi að grípa til þess ráðs að merkja uppruna vara sem framleiddar eru á hernumdum svæðum Palestínu með viðeigandi hætti þar sem Ísrael hlýtur ágóðann af vörum sem framleiddar eru á landsvæðum sem alþjóðasamfélagið hefur ekki samþykkt að tilheyri þeim. Þannig verður Palestínumönnum kleift að nýta sér enn frekar kosti fríverslunarsamnings Palestínu og EFTA sem Ísland er aðili að. Fríverslunarsamningur til bráðabirgða við Frelsisamtök Palestínu, þjóðstjórn ríkisins, tók gildi hinn 1. júlí árið 1999 en sökum ólögmætrar landtöku Ísraelsmanna á byggðum Palestínu hefur hann ekki virkað sem skyldi, lítið verið um viðskipti á milli landanna og líf skjörum Palestínumanna hrakað eftir því. Með þingsályktunartillögunni verður íslenskum neytendum gert kleift að sjá uppruna varanna og ákveða sjálfir hvort þeir vilji kaupa af Ísraelum vörur sem upprunnar eru á hernumdu svæðunum í Palestínu (Alþingi, 2012). Hinn 12. nóvember 2012 samþykkti svo EFTA tillögu íslenskra stjórnvalda að veita Palestínu sérstakt framlag úr tæknisjóði, um það bil 40% af heildarupphæð sjóðsins, sökum erfiðleika landsmanna, í því skyni að ýta undir notkun fríverslunarsamningsins og styrkja efnahag og uppbyggingu í landinu (Utanríkisráðuneytið, 2012).

Þrátt fyrir stutta sögu hvað varðar vinskap og stjórn málasamband á milli þjóðanna hefur Palestína átt stuðningsmenn hérlandis síðan Intifada árið 1987 og ber þar fyrst og fremst að nefna félagið Ísland-Palestínu sem tók til starfa á alþjóðlegum degi Sameinuðu þjóðanna með Palestínu hinn 29. nóvember árið 1987 og átti stóran þátt í aðdragandanum að ákvörðun Íslands um viðurkenningu Palestínu.

Palestínu-Ísraelsdeilan á sér langan aðdraganda og sögu. Ísland á stóran þátt í henni enda voru fulltrúar íslenskra stjórnvalda bæði viðriðnir stofnun Ísraelsríkis sem og Palestínuríkis. Til að skilja afstöðu íslenskra stjórnvalda og aðdraganda ákvörðunarinnar var mikilvægt að skoða sögu Palestínu-Ísraelsdeilunnar og samskipti Íslands við deiluaðila en fjallað verður um atburðarásina í kringum viðurkenningu landsins á sjálfstæði og fullveldi Palestínu í næsta kafla.

3. Atburðarásin í kringum viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á sjálfstæði og fullveldi Palestínu

Hinn 29. nóvember árið 2011 samþykkti Alþingi Íslendinga að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu en sú ákvörðun átti sér langan aðdraganda (Utanríkisráðuneytið, 2011a). Þessi stefna stjórnvalda var lengi í mótun og má í raun rekja aftur til ársins 1989 þegar Alþingi samþykkti samhljóða ályktun um deilur Palestínumanna og Ísraels þar sem áhersla var lögð á viðurkenningu á sjálfsákvörðunarrétti Palestínu og rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til heimkynna sinna (Alþingi, 2011). Stefnumótun Alþingis var afar skýr og í framhaldi af þessari ályktun fór þáverandi forsætisráðherra Íslands, Steingrímur Hermannsson, utan í opinbera heimsókn til Túnis að hitta þáverandi leiðtoga frelsissamtaka Palestínu, Yasser Arafat (Morgunblaðið, 1990a). Steingrímur varð þá fyrstur ráðherra til þess að sækja heim leiðtoga Palestínu og markaði þessi heimsókn viss tímamót í utanríkisstefnu Íslands. Á fundi þeirra lét Arafat meðal annars í ljós áhyggjur sínar af að nýtt stríð brytist út í Mið-Austurlöndum á næstunni ef Ísraelar samþykktu ekki viðræður við Frelssamtök Palestínu og lýsti miklu áliti sínu á Norðurlöndunum þar sem mannréttindi væru í hávegum höfð. Að hans mati var Ísland jafnvel líklegur staður undir friðarviðræður Ísraels og Palestínumanna, sem þó varð ekki úr (Morgunblaðið, 1990b).

Árið 2007 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um viðurkenningu Íslands á ríkisstjórn Palestínu en hún gekk ekki eftir (Alþingi, 2007). Það var því ekki fyrr en árið 2011 þegar tillagan um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu var lögð fram aftur að málefni Palestínu komu á borð utanríkismálanefndar og voru jafnan á dagskrá nefndarinnar. Nefndin fundaði reglulega með utanríkisráðherra og hvatti hann til að fara utan til Gaza, Vesturbakkans og Austur-Jerúsalem og kynna sér aðstæður og stöðu deilunnar þar (Alþingi, 2011). Við gerð nefndarálitsins bað utanríkismálanefnd eftirfarandi aðila um álit:

- Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra
- Hermann Örn Ingólfsson frá utanríkisráðuneyti
- Hauk Ólafsson frá utanríkisráðuneyti
- Svein Rúnar Hauksson, formann félagsins Ísland-Palestína
- Yousef Tamimi frá félaginu Ísland-Palestína
- Lindu Ósk Árnadóttur frá félaginu Ísland-Palestína
- Ólaf Jóhannsson frá félaginu ZION - vinir Ísraels
- Hreiðar Þór Sæmundsson frá félaginu ZION - vinir Ísraels

- Elvu Björk Barkardóttur, nema við Háskólann í Reykjavík og Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna, sem þá var að skrifa meistararitgerð sína um sjálfstæði Palestínu en hún ber heitið: *The Legal Status of Palestine under International Law*, og var gefin út í maí 2012

Umsagnir frá Félaginu Ísland-Palestína og Elvu Björk Barkardóttur bárust nefndinni, auk minnisblaða frá utanríkisráðuneyti (Alþingi, 2011).

3.1 Nefndarálit meirihluta utanríkismálanefndar

Fram kemur í nefndaráliti meirihluta utanríkismálanefndar, sem nefndin tók saman viku fyrir viðurkenningu Íslands á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, að þegar tillagan um viðurkenninguna var tekin til greina lagði meirihlutinn áherslu á sögulegt samhengi umfjöllunar Alþingis um deiluna og leit svo á að tillagan væri eðlilegt og rökrétt framhald fyrri ályktana Alþingis. Ísland hefði stutt þessa lýðræðispróun í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku sem hófst með hinu svokallaða „arabíska vori“ og að mati meirihlutans yrði sjálfsákvörðunarréttur Palestínu í eigin ríki ekki aðskilinn frá þessari þróun (Alþingi, 2011).

Byrjun „arabíska vorsins“ má rekja til Túnis í desember 2010 þegar maður á þrítugsaldri kveikti í sér í mótmælaskyni sökum niðurlægingar sem hann þurfti að þola af hendi spilltrar svæðislögreglu en í kjölfarið lést hann af sárum sínum. Hrina mótmæla víðsvegar um Mið-Austurlönd hófst, undir nafninu „arabíska vorið“, um ýmis baráttumál með lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að markmiði. (Kuhn, 2011). Ríkistjórnir þeirra ríkja sem upplifað hafa slík mótmæli hafa flestar reynt að brjóta þau niður með skipulögðum hætti en misjöfnum árangri (Rogan, 2011).

Í nefndaráliti meirihlutans kom fram fordæming á árásir beggja aðila og að þeim yrði að linna. Forgangsmál væri að stjórnmalafylkingar í Palestínu störfuðu saman þar sem sættir þar á milli væru forsenda pólitískrar samstöðu Palestínumanna en mikil átök hafa verið á meðal þeirra í gegnum árin, aðallega vegna þess að ekki eru allar hreyfingar sammála um hversu mikið landsvæði tilheyrir Palestínu og fyrir hverju skal berjast. Meirihlutinn krafðist þess að allar stjórnmalahreyfingar og samtök í Palestínu virtu þá samninga sem Frelsissamtök Palestínumanna höfðu gert fyrir hönd Palestínu. Stjórnmalahreyfingar yrðu að hætta öllum ofbeldisverkum gagnvart Ísrael og viðurkenna rétt Ísraelsríkis en samstjórn fylkinganna yrði að eiga frumkvæði að því til þess að takast mætti að koma á friði á svæðinu. Við stofnun Ísraelsríkis lýstu leiðtogar Ísraels því yfir að þeir myndu standa vörð um og virða lýðræði og mannréttindi í landinu en meirihlutinn áréttaði að leiðtogar Palestínu yrðu að gera slíkt hið

sama. Almennt er talið að til þess að land teljist ríki þurfi það íbúa, landsvæði, ríkisstjórn sem fari með stjórn á landsvæðinu og sjálfstæði til að hafa samskipti við önnur ríki. Meirihlutinn taldi mjög skýrt að Palestína uppfyllti öll þessi skilyrði og gæti því talist fullgildur aðili að þjóðarrétti. Hér að neðan verður farið nánar út í hvernig Palestína uppfyllir öll atriðin:

- Þrátt fyrir að skorta full yferráð vegna ólögmæts hernáms Ísraels á Palestína landsvæði. Þegar valdi er beitt til þess að öðlast yferráð landsvæðis eru þau ekki talin lögmæt ríkisyferráð, sama hversu lengi hernámið hefur staðið yfir, og höfðu Sameinuðu þjóðirnar einnig ályktað í þá veru. Sem fordæmi notaði meirihlutinn Kósóvó, sem mörg ríki, þar með talið Ísland, viðurkenndu árið 2008 þrátt fyrir að landið hefði ekki full yferráð yfir landsvæði sínu. Einnig viðurkenndi Ísland Eystrasaltsríkin árið 1991 þó að ríkisstjórnir landanna hefðu ekki full yferráð yfir sínum löndum.
- Í nóvember árið 2011, þegar nefndaráliðið var skrifað, voru íbúar Palestínu taldir um fjórar milljónir en til viðbótar voru um það bil 4,7 milljónir flóttamanna í nágrannaríkjum og minnti meirihlutinn á rétt palestínsks flóttafólks til að snúa aftur til fyrri heimkynna í samræmi við margítrekaðar ályktanir Sameinuðu þjóðanna.
- Að mati meirihlutans voru Frelssamtök Palestínu hinn lögmæti fulltrúi palestínsku þjóðarinnar í samræmi við ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 1947.
- Enginn vafi var á, að mati meirihlutans, að Palestína hefði getu og sjálfstæði til þess að eiga samskipti við önnur ríki og áttu stjórnvöld Palestínu þá þegar í formlegum samskiptum við fjöldamargar þjóðir. Einnig var Palestína fullgildur aðili að ýmsum alþjóðastofnunum, til dæmis Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Meirihluti aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hafði einnig viðurkennt Palestínu sem sjálfstætt og fullvalda ríki (Alþingi, 2011).

Einnig var horft til hversu vel uppbygging hafði gengið í Palestínu en þar höfðu verið byggðar upp stofnanir, innviðir og hagkerfi sem þurfti fyrir ríki. Ásamt Sameinuðu þjóðunum höfðu Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og Alþjóðabankinn lýst því yfir að palestínska heimastjórnin væri að fullu fær um að sinna ríkisrekstri. Utanríkismálanefnd horfði þá einnig til alþjóðlegrar samráðsnefndar um uppbyggingu Palestínu, undir forsæti Noregs, sem hafði ályktað um það bil tveimur mánuðum fyrr að Palestínumenn hefðu án vafa náð miklum árangri á sviði efnahagsuppbyggingar. Lagt var til af hálfu meirihlutans að Alþingi skoraði á ríkin að leita sátta og hvetti þau til þess að virða stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála. Til þess að af friði gæti orðið taldi meirihlutinn það grundvallaratriði að Palestína stæði jafnfætis Ísrael og öðlaðist viðurkenningu sem ríki að þjóðarrétti, þar sem

hann taldi mestar líkur geta orðið á friði með jafnari stöðu Ísraels og Palestínu. Viðurkenning á sjálfstæði og fullveldi landsins væri þar af leiðandi skref í átt til friðar (Alþingi, 2011). Hinn 29. nóvember 2012 hlaut Palestína síðan stöðu áheyrnarríkis hjá Sameinuðu þjóðunum, 65 árum eftir að stofnunin skipti landinu í tvennt. Atkvæðagreiðslan féll þannig að 138 ríki greiddu atkvæði með ályktuninni, níu voru á móti og 41 sátu hjá (Morgunblaðið, 2012). Utanríkisráðherra ákvað að Ísland yrði meðflutningsríki ályktunarinnar meðal annars til að undirstrika þá stefnu íslenskra stjórnvalda að Ísland verði í fararbroddi þeirra ríkja sem styðja sjálfstæðisbaráttu Palestínnumanna (Ríkisútvarpið, 2012b).

Ákvörðun íslenskra stjórnvalda um að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu átti sér langan aðdraganda. Ísland var fyrst ríkja í vestur- og norðurhluta Evrópu til að veita Palestínu viðurkenningu á sjálfstæði ríkisins og sýndi því fram á það með þessari ákvörðun að ríkið væri fært um að setja á sjálfstæða utanríkisstefnu óháða stefnu annarra ríkja. Í næsta kafla verður síðan þessi ákvörðun skoðuð í ljósi framangreindra kenninga og hugmyndafræði.

4. Ákvörðun íslenskra stjórnvalda í ljósi kenninga og hugmyndafræði

Nú hefur verið farið yfir sögu átakanna, samskipti Íslands við deiluaðila, aðdraganda þeirrar ákvörðunar Íslands að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu og atburðarásina í kringum viðurkenninguna. Með framantalið í huga er vert að skoða undir hvaða kenningar og hugmyndafræði þessi ákvörðun getur fallið.

4.1 Ákvörðunin í ljósi raunhyggju

Erfitt er að finna ákvörðuninni stað innan raunhyggjunnar þar sem samkvæmt henni eru ríkin á höttunum eftir völdum til að tryggja öryggi sitt og nota hvert annað til að öðlast þau. Ríkin hugsa einungis um eigin hagsmuni og sú ákvörðun Íslands að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu veitti Íslandi engin völd á sviði alþjóðasamfélagsins né hafði áhrif á hagsmuni landsins (Collins, 2010, bls. 16-17).

Þegar rýnt er í raunhyggju Waltz, þar sem alþjóðasamfélagið er stjórnlaust og enginn veitir ríkjum hjálparhönd, sýndu íslensk stjórnvöld hið gagnstæða og veittu Palestínu stuðning. Þó má varpa fram þeim vangaveltum að ef til vill hafi Ísland verið að reyna að viðhalda valdajafnvægi innan samfélagsins eins og raunhyggja Waltz gerir grein fyrir með því að taka fremur málstað „veikari hliðarinnar“ sem væri þá hin herlausa Palestína í ljósi þess að Ísrael hefur mikla hernaðaryfirburði yfir ríkinu („buckpassing“) (Collins, 2010, bls. 20-21). Sóknarraunhyggja telur ríki sem standa utan deilna geta staðið betur að vígi með því að skipta sér ekki af deilunum þar sem það gæti haft miður góðar afleiðingar fyrir þau, þar á meðal efnahagslegt tap („buckpassing“) (Collins, 2010, bls. 22-23). Því er óhætt að halda því fram að það sé engan veginn hægt að staðsetja ákvörðun íslenskra stjórnvalda undir þeirri grein í ljósi þess að ef Íslendingar hefðu haft áhyggjur af tekjumissi er ólíklegt að þessi viðurkenning hefði átti sér stað þar sem engin viðskipti eru á milli Íslands og Palestínu en afar mikil á milli Íslands og Ísraels eins og sjá má í fylgiskjali 1. Samkvæmt varnarraunhyggju er oft hagkvæmast fyrir ríki að taka stefnu í átt að samvinnu fremur en samkeppni og ríki bregðast við hótunum en ekki völdum annarra ríkja (Collins, 2010, bls. 24-27). Ísland var ekki að bregðast við hótunum eða ógnunum af neinu tagi þegar ákveðið var að viðurkenna sjálfstæði Palestínu. Út frá varnarraunhyggju stæði landinu í raun fremur ógn af því að skipa sér á móti Bandaríkjunum, sem hafa ítrekað sýnt stuðning sinn við Ísraelsríki, nú síðast með því að berjast gegn ályktuninni um að Palestína fengi stöðu áheyrnarríkis hjá Sameinuðu þjóðunum (Morgunblaðið, 2012).

Með því að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu var Ísland ekki að þenja sig út á nokkurn hátt, breiða út pólitíska hugmyndafræði eða trú né græða neitt efnahagslega séð og svo framvegis og því ólíklegt að hægt sé að heimfæra ákvörðunina á hvataraunhyggjuna. Samkvæmt þeirri grein er það græðgi sem drífur ríki áfram og hefur áhrif á hegðun þeirra. Þar af leiðandi taka ríki oftast málstað þeirra sem eru vinningsmegin í átökum þar sem eru meiri líkur á hagnaði („bandwagon“). Þessi grein raunhyggjunnar hefði þá jafnvel átt við ef Ísland hefði verið að styðja við Ísrael á einhvern hátt í ljósi þess að Ísrael er mun sterkara ríki hernaðarlega og mikil viðskipti eru á milli ríkisins og Íslands (Collins, 2010, bls. 28-30).

4.2 Ákvörðunin í ljósi frjálslyndisstefnu

Frjálslyndisstefnan skoðar þær ákvarðanir sem eru teknar innan ríkja og hvaða áhrif þær hafa út á við í alþjóðasamfélaginu. Samvinna ríkja fer vaxandi og alþjóðastjórnsmál geta breyst eftir því hvaða leikmenn taka ákvarðanir hverju sinni. Það á sérstaklega vel við þegar kemur að því hvernig samskiptum Íslands og Ísraelsríkis hefur verið háttað í gegnum tíðina eftir því hvaða einstaklingar sitja í ríkisstjórn og hvers konar andi er ríkjandi í samfélaginu. Hvað varðar ákvörðun íslenskra stjórnvalda er þó afar erfitt að staðsetja hana innan frjálslyndisstefnunnar en samkvæmt henni er friður möguleiki með samvinnu þar sem hún leiðir til þess að ríki verða innbyrðis háð hvort öðru en Ísland og Palestína eru það ekki á neinn hátt (Collins, 2010, bls. 35-38).

Samkvæmt markaðsfrjálslyndisstefnu taka ríki sér ekki stöðu á móti ríki sem þau hafa sterk efnahagsleg tengsl við og getur því samvinna á milli ríkja leitt til færri átaka þar sem þau geta reynst þjóðum dýrkeypt (Collins, 2010, bls. 37). Þar af leiðandi á markaðs-frjálslyndisstefna ekki við þegar reynt er að finna ákvörðun Íslands stað innan hennar í ljósi þess að Ísland ber engan hagnað af því að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu enda engin viðskipti á milli ríkjanna tveggja eins og áður hefur komið fram. Viðskiptalega ætti því Ísland í raun að standa fremur við bak Ísraelsríkis í deilunni, sem gerir þessa ákvörðun íslenskra stjórnvalda ennþá merkilegri. Áhersla frjálslyndisstefnunnar á lýðræði leiðir ekki til þess að hægt sé að staðsetja ákvörðun íslenskra stjórnvalda innan stefnunnar þar sem Ísland stuðlaði ekki að lýðræði eða útbreiðslu þess með því að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu þó að meirihluti utanríkismálanefndar tæki fram að Palestína yrði að virða lýðræði eftir að ríkið hefði öðlast viðurkenningu um sjálfstæði (Alþingi, 2011). Ísland er ekki þátttakandi í deilunni sjálfri og ákvörðunin hefur hvorki áhrif á stjórnarform Palestínu né Ísraels. Aftur á móti er hægt að skoða ákvörðun íslenskra stjórnvalda út frá áherslu frjálslyndisstefnunnar á mannréttindi sem felur það í sér að lýðræðisríki styðja til dæmis

sjálfsákvörðunarrétt þjóða eins og Ísland gerir í þessu tilviki (Collins, 2010, bls. 38-39). Enn fremur skoðar stefnan mikilvægi þess að ríki leggi áherslu á mannréttindi og má þá rifja aftur upp nefndarálit meirihlutans þar sem hann áréttaði að leiðtogar Palestínu yrðu að virða og standa vörð um lýðræði og mannréttindi í landinu þegar ríkið hlyti sjálfstæði eins og leiðtogar Ísraels gerðu við stofnun ríkisins (Alþingi, 2011).

4.3 Ákvörðunin í ljósi félagslegrar mótunarhyggju

Samkvæmt félagslegri mótunarhyggju þá eru samskipti ríkja félagsleg og það eru hugmyndafræðilegir þættir eins og gildi og venjur sem ákvarða hegðun, stöðu og hagsmuni þeirra. Hegðun manna og ríkja getur breyst með tímanum þegar hugmyndafræðilegir þættir eins og gildi þeirra breytast. Ótti er til dæmis ekki veraldlegur hlutur heldur byggður á slíkum þáttum (Collins, 2010, bls. 50-60). Þegar tekið er til greina að Ísland var fyrst allra landa í vestur- og norðurhluta Evrópu til að viðurkenna sjálfstæði Palestínu má segja að hugmyndafræðilegir þættir íslenskra stjórnvalda hafi breyst með tímanum og gert Íslendingum kleift með þessari ákvörðun að vera með sjálfstæða utanríkisstefnu. Hinn hugmyndafræðilegi ótti gagnvart Bandaríkjunum hefur því breyst í ljósi þess að sú ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu gekk þvert á skoðanir bandarískra stjórnvalda, en eins og fram kom í kaflanum um hina „evrópsku öld“ var Ísland lengi vel á áhrifasvæði stórveldisins (Baldur Þórhallsson, 2012, bls. 6-7). Nú er komið nýtt fólk á Alþingi eftir kosningar með önnur gildi og aðrar skoðanir sem getur ef til vill útskýrt það að þingsályktunartillagan um að Ísland ætti að veita Palestínu sjálfstæði árið 2007 gekk ekki eftir en var samþykkt með annarri ríkisstjórn árið 2011 (Utanríkisráðuneytið, 2011b). Sjálfstæði hefur ávallt verið mjög mikilvægt gildi fyrir Ísland. Þar sem við erum lítil, herlaus og friðsamleg þjóð eigum við eflaust auðveldara með að setja okkur í spor þeirra sem eru í svipuðum aðstæðum með svipaða hugmyndafræðilega þætti. Þegar gyðinga vantaði hjálparhönd í kjölfar síðari heimsstyrjaldar veittu Íslendingar þeim hana fúslega en nú er það hin litla og herlausa Palestína sem þarfnast hjálpar.

Alexander Wendt hélt því fram að við værum nú stigin inn á „Kantian“ tímabilið þar sem samskipti milli þjóða eru vinaleg og friðsamleg menning ríkir (Jackson & Sørensen, 2010, bls. 168). Eflaust er eitthvað til í því hjá honum í ljósi þess að nú eru aðrir leikmenn í alþjóðasamfélaginu með aðrar hugsanir sem leiða til annarra gilda. Þessir nýju leikmenn kjósa þá mun frekar að vera vinir heldur en að lifa í slíkri togstreitu sem Kalda stríðið hafði í för með sér. Í nefndaráliti meirihlutans kom fram að Ísland krefðist þess að báðir aðilar héldu friðinn og mætti skýra þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda með því að hún var tekin á

„Kantian“ tímabili Wendts (Alþingi, 2011). Ákvörðunin var ekki tekin sem viðbragð við einhverjum óvini Íslands né var Ísland að keppa um neitt þar sem ríkið fékk ekkert í sinn hlut með þessari ákvörðun, en innan hinnar friðsamlegu „Kantian“ menningar er ríkið að efla vinasambönd sín.

4.4 Ákvörðunin í ljósi hinnar nýju „evrópsku aldar“

Í raun er ekkert stórveldi sem Ísland horfir til lengur eða lýtur á nokkurn hátt. En ef við horfum á okkur á hinn nýju „evrópsku öld“ má halda því fram að sú ákvörðun Íslands að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu hafi verið tekin vegna þess að við séum nú komin inn á áhrifasvæði Evrópu. Þar af leiðandi gæti ákvörðunin endurspeglast í friðar- og mannréttindamarkmiði Evrópu sem við höfum samrýmt æ meir á síðastliðnum áratugum en Evrópa er jafnan talin friðsamlegri en aðrar heimsálfur í seinni tíð (Ríkisútvarpið, 2012a). Ef áhrifa Bandaríkjanna gætti ennþá hérlendis hefði þessi ákvörðun líklegast ekki verið tekin þar sem Bandaríkin hafa ítrekað stutt Ísrael í þessari deilu (Lesbók Morgunblaðsins, 2002). Um það má deila hvort Evrópa sé í raun friðsamleg en hin friðsamlega hugmyndafræði á bak við Evrópusambandið gæti þó hafa haft áhrif á íslensk stjórnvöld sem leiddi til þess að þau mynduðu sjálfstæða utanríkisstefnu með þessari ákvörðun án áhrifa frá nokkru öðru ríki.

Afar erfitt reyndist að finna ákvörðun íslenskra stjórnvalda um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu stað innan raunhyggjunnar. Þó var hægt að tengja ákvörðunina við raunhyggju Waltz á þann hátt að ef til vill var Ísland að reyna að viðhalda valdajafnvægi með því að veita Palestínu stuðning sinn þrátt fyrir að greinin eigi í raun ekki við á annan hátt. Einnig reyndist erfitt að heimfæra ákvörðunina undir frjálslyndisstefnu í ljósi þess að Ísland og Palestína eru ekki í samstarfi á neinn hátt og bar Ísland engan hag af því að viðurkenna sjálfstæði Palestínu. Aftur á móti er hægt að tengja þessa ákvörðun við áherslu frjálslyndisstefnunnar á mannréttindi sem íslensk stjórnvöld lögðu mikla áherslu á í þingsályktunartillögu Alþingis um viðurkenningu og sjálfstæði Palestínu. Hugmyndafræðilegir þættir íslenskra stjórnvalda hafa breyst með tímanum og því mætti fella ákvörðunina undir félagslega mótunarhyggju. Mannabreytingar á Alþingi hafa leitt til þess að önnur gildi og aðrar skoðanir eru ríkjandi á þinginu sem leiddi til þess að viðurkenning íslenskra stjórnvalda var staðfest í nóvember árið 2011. Einnig má skoða þessa ákvörðun út frá kenningu Alexanders Wendts um að nú ríki eins konar „Kantian“ menning í alþjóðasamfélaginu þar sem Ísland er að efla vinasambönd sín. Halda má fram að hin „evrópska öld“ og „Kantian“ tímabilið hans Wendts haldist í hendur þar sem þau fela bæði í sér að við séum nú komin inn á annars konar tímabil í sögu alþjóðastjórnmála sem hefur frið

og mannréttindi að markmiði. Ákvörðun íslenskra stjórnvalda um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu mætti útskýra í því ljósi.

5. Niðurstöður

Þegar veldi Ottómana leið undir lok tóku Bretar við stjórn Palestínu en árið 1947 lýstu þeir yfir fyrirætlunum sínum um að láta landið í hendur Sameinuðu þjóðunum. Stofnunin skipti þá landinu í tvennt; Ísrael og Palestínu, þar sem Ísland sat í nefnd þriggja ríkja á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna og var falið að gera tillögur að skiptingu Palestínu. Fulltrúi Íslands mælti fyrir hinni svokölluðu tveggja ríkja lausn og gerði þar af leiðandi ráð fyrir tilvist Ísraels. Í framhaldinu sótti Ísrael um inngöngu í Sameinuðu þjóðirnar og var Ísland meðal þeirra ríkja sem kusu með ályktuninni. Frá þeim tíma hefur verið stjórnmálasamband og sterk vináttubönd á milli Ísraels og Íslands ásamt mikilli utanríkisverslun. Síðastliðna áratugi hafa átök á milli gyðinga og araba magnast og vinsældir Ísraelsríkis dvínað hérlandis í kjölfarið en nú liggur fyrir tillaga á Alþingi um að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Við tveggja ríkja lausnina fengu gyðingar meira en helming af landi Palestínu og lýstu yfir sjálfstæði Ísraelsríkis. Síðan ríkið var stofnað hafa fimm stórfelld stríð verið háð á milli gyðinga og araba og öll ríki araba verið viðriðin deiluna á einn eða annan hátt.

Undir lok sjötta áratugarins lýsti leiðtogi Egyptalands því yfir að hann hefði í hyggju að ráðast á Ísraelsríki og brugðust Ísraelar við með því að verða fyrri til og eyðilögðu flugher Egypta, Sýrlendinga og Jórdana. Hið fræga sex daga stríð var hafið sem lauk með sigri Ísraelsmanna og í stríðslok stækkuðu þeir enn frekar landsvæði sitt og land Palestínumanna fór minnkandi. Í kjölfar stríðsins breyttist þjóðernisvitund Palestínumanna og ýmsar pólitískar stjórnmálahreyfingar spruttu upp í því augnamiði að berjast fyrir frelsi á hernumdu svæðunum, þar á meðal voru Frelsissamtök Palestínu sem voru síðar viðurkennd af meirihluta arabaheimsins sem eini lögmæti fulltrúi palestínsku þjóðarinnar. Hernám Ísraelsmanna ásamt þeim vaxandi fjölda mannréttindabrota og árása sem arabar bjuggu við ýtti undir uppreisn Palestínumanna árið 1987. Í miðri uppreisn, á fundi þjóðþings Frelsissamtaka Palestínu, lýsti leiðtogi samtakanna yfir staðfestingu stofnunar ríkisins Palestínu.

Samskipti Íslands og Palestínu eiga sér ekki jafnlanga sögu og samskipti Íslands og Ísraels og í raun voru engin samskipti á milli þjóðanna fyrr en undir lok níunda áratugar síðustu aldar. Það var þó ekki fyrr en árið 2000 að íslensk stjórnvöld tóku upp formleg samskipti við Frelsissamtök Palestínu. Hinn 29. nóvember 2011, á alþjóðlegum samstöðudegi Sameinuðu þjóðanna með Palestínu, viðurkenndi Ísland sjálfstæði og fullveldi Palestínuríkis, fyrst allra ríkja í vestur- og norðurhluta Evrópu, og sýndi þar með fram á að Ísland væri fært um að setja á sjálfstæða utanríkisstefnu óháða stefnu annarra ríkja. Í ferlinu komst meirihluti

utanríkismálanefndar meðal annars að því að Palestína uppfyllti öll skilyrði sem land er talið þurfa til að geta talist ríki. Um það bil tveimur vikum síðar var stofnað til formlegs stjórnmálasambands á milli þjóðanna tveggja en engin viðskipti eru á milli þeirra enn sem komið er.

En hvað getur útskýrt þessa ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu? Með sögu deilunnar, samskipti ríkjanna og atburðarásina í kringum viðurkenninguna í huga var reynt að finna ákvörðuninni stað innan fræðanna. Meðal þeirra kenninga og hugmyndafræði sem ákvörðunin var skoðuð út frá var raunhyggjan, þar sem hún er ríkjandi stefna í öryggis- og alþjóðafræðum. Samkvæmt henni leggja ríki áherslu á eigið öryggi innan alþjóðasamfélagsins sem er stjórnlaust í ljósi þess að engin stjórnvöld eru yfir samfélaginu í heild. Til að hámarka öryggi sitt eru ríkin stöðugt á höttunum eftir völdum og nota hvert annað til að öðlast þau. Varanlegur friður er óraunhæft markmið í alþjóðasamfélaginu þar sem ríkin geta aldrei verið fullviss um hvað hin ríkin gera sem leiðir til skorts á gagnkvæmu trausti. Þar af leiðandi eru samkeppni og stríð einkennandi fyrir alþjóðasamfélagið. Innan raunhyggjunnar má finna margar undirgreinar og misjafnar túlkningar á kenningunni. Af þeim undirgreinum og túlkunum sem skoðaðar voru í þessari ritgerð var einungis hægt að tengja raunhyggju Waltz við ákvörðunina en að öðru leyti átti raunhyggjan ekki við. Samkvæmt Waltz standa ríki sem eiga ekki hlut í deilunni sjálfri utan átakanna en til þess að viðhalda valdajafnvægi í alþjóðasamfélaginu taka þau fremur málstað „veikari hliðarinnar“ en til dæmis stórveldisins sem hefur yfirburði innan samfélagsins. Ef til vill var því Ísland að reyna að viðhalda valdajafnvægi með því að veita Palestínu stuðning sinn sem væri hér „veikari hliðin“ í ljósi þeirra hernaðarlegu yfirburða sem Ísrael hefur yfir Palestínu.

Þá var reynt að finna ákvörðuninni stað innan frjálslyndisstefnunnar þar sem hún er einnig ríkjandi stefna í alþjóða- og öryggisfræðum en hún þykir jafnan jákvæðari varðandi samvinnu í alþjóðasamfélaginu en raunhyggja. Samkvæmt frjálslyndisstefnu er alþjóðasamfélagið í stöðugri þróun og samvinna meðal ríkja fer vaxandi. Með samvinnu verða ríkin innbyrðis háð hvert öðru þannig að alþjóðastjórnmál einkennast ekki endilega af átökum og ofbeldi. Þar af leiðandi reyndist erfitt að fella ákvörðunina undir frjálslyndisstefnu þar sem engin samvinna er á milli Íslands og Palestínu og Ísland bar engan hag af því að viðurkenna sjálfstæði landsins og fullveldi. Aftur á móti má tengja ákvörðun íslenskra stjórnvalda við áherslu frjálslyndisstefnunnar á mannréttindi. Fylgismenn frjálslyndisstefnunnar hafa opinberlega stutt mannréttindi í fjölda ára, þar á meðal sjálfsákvörðunarrétt þjóða, en eins og

áður hefur komið fram lögðu íslensk stjórnvöld mikla áherslu á það í þingsályktunartillögu Alþingis um viðurkenningu og sjálfstæði Palestínu.

Auk raunhyggju og frjálslyndisstefnu var félagsleg mótunarhyggja skoðuð og þá sérstaklega kenning Alexanders Wendts um stjórnleysi. Félagsleg mótunarhyggja fjallar um hvernig einstaklingar öðlast þekkingu byggða á eigin reynslu og hugmyndum. Þá skoðar kenningin hvernig ýmis félagsleg fyrirbæri, sem ekki er hægt að snerta eins og veraldlega hluti, eru einungis til vegna þess að mennirnir hafa gefið þeim merkingu í gegnum margvísleg athæfi og samskipti. Mótunarhyggjan dregur athyglina að mikilvægi hugmyndafræðilegra þátta svo sem samskipta, hugmynda, skoðana og gilda sem segja okkur hvernig við eigum að haga okkur, hver staða okkar sé og hvaða hagsmuna við höfum að gæta. Hugmyndafræðilegir þættir geta breyst, sem leiðir til þess að hegðun og stöður geta það einnig; innan félagslegrar mótunarhyggju er því ávallt rúm fyrir breytingar. Kenning Wendts um stjórnleysi skoðar hvernig hugmyndafræðilegir þættir ríkja hafa breyst í gegnum aldirnar og það sem einkennir alþjóðasamfélagið er byggt upp á hugsunum þeirra manna sem taka ákvarðanir á hverjum tíma og öðrum slíkum hugmyndafræðilegum þáttum. Alexander Wendt tilgreinir þrjár tegundir stjórnleysismenningar í kjölfarið. Þá fyrstu kallar hann „Hobbesian“ menningu en á því tímabili sáu ríki hvert annað sem óvini og var slík menning einkennandi fyrir alþjóðasamfélagið þar til á 17. öld. Þá tók við „Lockean“ menning samkvæmt Wendt, en innan hennar álitu ríkin hvert annað keppinauta og var slík menning ríkjandi frá því um miðja 17. öld þar til á síðustu öld. Hugmyndafræðilegir þættir hafa síðan breyst og nú hefur hin svokallaða „Kantian“ menning verið að myndast þar sem vinsemd ríkir innan alþjóðasamfélagsins og ríki vilja halda frið eftir að síðari heimsstyrjöld lauk. Ríkin treysta hvert á annað, leysa deilur friðsamlega og styðja hvert annað ef eitthvert ríkjanna upplifir ógnir frá þriðja aðila. Félagsleg mótunarhyggja hentar vel til að útskýra ákvörðun íslenskra stjórnvalda í ljósi þess að hugmyndafræðilegir þættir þeirra hafa breyst með tímanum. Mannabreytingar á Alþingi hafa leitt til þess að önnur gildi og aðrar skoðanir eru ríkjandi á þinginu, sem leiddi til þess að viðurkenning íslenskra stjórnvalda var staðfest í nóvember árið 2011. Þessi ákvörðun íslenskra stjórnvalda var ekki tekin með hagnað fyrir ríkið í huga og á „Kantian“ tímabili Wendts má halda fram að Ísland sé að efla vinasambönd sín og styðja Palestínu, sem upplifir ógnir frá Ísrael, rétt eins og Ísland studdi gyðinga við stofnun Ísraelsríkis.

Að lokum var velt upp þeirri hugmynd hvort við séum að stíga inn á nýtt tímabil hinnar „evrópsku aldar“ þar sem Ísland hefur verið að aðlagast Evrópu æ meira síðastliðna

áratugi. Evrópa þykir friðsamleg miðað við aðrar heimsálfur nú til dags og í ljósi þess að Ísland er nú komið meira inn á áhrifasvæði Evrópu má halda því fram að ákvörðun íslenskra stjórnvalda sé lituð af friðsamlegum áhrifum frá álfunni. Hin „evrópska öld“ og „Kantian“ tímabil Wendts haldast þannig í hendur þar sem þau fela bæði í sér breytta tíma.

Þrátt fyrir vinsældir raunhyggju og frjálslyndisstefnu geta því hugmyndin um hina nýju „evrópsku öld“ og félagsleg mótunarhyggja mun betur útskýrt þá ákvörðun íslenskra stjórnvalda að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu. Með von um að þessi þróun haldi áfram ættu því önnur ríki að taka Ísland til fyrirmyndar og veita smáríkjum þá viðurkenningu sem þau þurfa til þess að fá rödd í alþjóðasamfélaginu.

Lokaorð

Verkefnið veitti höfundu góða innsýn í deilu Palestínu og Ísraels og var afar athyglisvert að sjá hver áhrif Íslands á stöðu ríkjanna hafa verið í gegnum tíðina. Þrátt fyrir að vera herlaust smáriki, sem hefur engra hagsmuna að gæta, veitti Ísland bæði Ísrael og Palestínu stuðning sinn við stofnun ríkjanna. Í ljósi þess að Ísland varð fyrst ríkja í norður- og vesturhluta Evrópu til þess að viðurkenna sjálfstæði og fullveldi Palestínu styrkti það stöðu landsins í meira mæli en fólk eflaust gerir sér grein fyrir. Með ákvörðuninni holaði Ísland þennan vesturlenska múr og veitti Palestínu sterkari rödd í alþjóðasamfélaginu. Er það von höfundar að fleiri ríki fari að fordæmi landsins.

Heimildir

- Ad Hoc Committee on Palestinian Question. (25. september 1947). *PALESTINE COMMITTEE ELECTS OFFICERS*. Sótt frá Department of Public Information:
<http://unispal.un.org/unispal.nsf/9a798adbf322aff38525617b006d88d7/0ba0a090014399a685256869005db750?OpenDocument&Highlight=0,iceland>
- Al Jazeera. (9. desember 2003). *The first Intifada*. Sótt frá Al Jazeera:
<http://www.aljazeera.com/archive/2003/12/2008410151246804713.html>
- Al Jazeera. (26. mars 2008). *Nasser's 1967 Disillusion*. Sótt frá Al Jazeera:
<http://www.aljazeera.com/focus/arabunity/2008/03/2008525173155113657.html>
- Al Jazeera. (1. febrúar 2009a). *Arab Unity; Timeline: Palestine since 1915*. Sótt frá Al Jazeera: <http://www.aljazeera.com/focus/arabunity/2008/02/20085251908164329.html>
- Al Jazeera. (12. ágúst 2009b). *PLO: HISTORY OF A REVOLUTION; Timeline: History of a Revolution*. Sótt frá Al Jazeera:
<http://www.aljazeera.com/programmes/plohistoryofrevolution/2009/07/200972094351911191.html>
- Al Jazeera. (6. nóvember 2010). *From Balfour to Obama*. Sótt frá Al Jazeera:
<http://www.aljazeera.com/indepth/2010/11/20101161186926470.html>
- Alþingi. (18. maí 1989). *1256. þingsályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna*. Sótt frá Alþingi.is: <http://www.althingi.is/altext/111/s/1256.html>
- Alþingi. (2007). *Tillaga til þingsályktunar um viðurkenningu Íslands á ríkisstjórn Palestínu*. Sótt frá Alþingi.is: <http://www.althingi.is/altext/134/s/0003.html>
- Alþingi. (22. nóvember 2011). *Nefndarálit um tillögu til þingsályktunar um viðurkenningu á sjálfstæði og fullveldi Palestínu*. Sótt frá Alþingi.is:
<http://www.althingi.is/altext/140/s/0358.html>
- Alþingi. (2012). *Tillaga til þingsályktunar um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu*. Sótt frá Alþingi.is: <http://www.althingi.is/altext/141/s/0250.html>
- Ásgeir Guðmundsson. (1976). Nazismi á Íslandi; Saga Þjóðernishreyfingar Íslendinga og Flokks þjóðernissinna. *Saga*(14), 37.

- Baldur Þórhallsson. (26. júní 2012). Iceland's external affairs in the Middle Ages; The shelter of Norwegian sea power. *Stjórnmal & stjórnsýsla*, 1(8), 6-7. Sótt frá Stjórnmal og stjórnsýsla: <http://skemman.is/stream/get/1946/12289/30671/1/a.2012.8.1.1.pdf>
- Balfour, A. J. (2. nóvember 1917). *The Balfour Declaration*. Sótt frá UNISPAL; The Question of Palestine: <http://unispal.un.org/UNISPAL.NSF/9a798adbf322aff38525617b006d88d7/e210ca73e38d9e1d052565fa00705c61?OpenDocument&Highlight=0,balfour,declaration>
- BBC Home. (án dags.). *1967: Israel launches attack on Egypt*. Sótt frá BBC Home: http://news.bbc.co.uk/onthisday/hi/dates/stories/june/5/newsid_2654000/2654251.stm
- BBC News. (29. nóvember 2001). *The Sykes-Picot agreement*. Sótt frá BBC News: http://news.bbc.co.uk/2/hi/in_depth/middle_east/2001/israel_and_the_palestinians/key_documents/1681362.stm
- BBC News. (6. maí 2008). *1993 Oslo agreement*. Sótt frá BBC News: http://news.bbc.co.uk/2/hi/middle_east/7385301.stm
- BBC News; Middle East. (23. september 2011). *Palestinian leader Mahmoud Abbas makes UN statehood bid*. Sótt frá BBC News: <http://www.bbc.co.uk/news/world-middle-east-15033357>
- Collins, A. (2010). *Contemporary Security Studies* (2 útg.). New York: Oxford University Press.
- Eban, A. (1977). *An Autobiography*. New Yorkk: Random House.
- Eiríkur Bergmann. (2009). *Frá Evróvisjón til evru; allt um Evrópusambandið*. Reykjavík: Veröld.
- Fréttablaðið. (13. apríl 2005). Við ættum að biðjast afsökunar. *Fréttablaðið*, bls. 4. Sótt frá Vísir.is: <http://www.visir.is/externaldata/pdf/fbl/050413.pdf>
- Fréttablaðið. (28. apríl 2007a). *Fékk meldingar og ræddi ekki Palestínu*. Sótt frá Vísir.is: <http://www.visir.is/fekk-meldingar-og-raeddi-ekki-palestinu/article/2007104280106>
- Fréttablaðið. (9. júní 2007b). *Vill samskipti við Palestínu*. Sótt frá vísir.is: <http://www.visir.is/vill-samskipti-vid-palestinu/article/2007106090128>

- Glenn E. Robinson. (án dags.). *Palestine Liberation Organization*. Sótt frá Oxford Islamic Studies: <http://www.oxfordislamicstudies.com/article/opr/t236/e0618>
- Global Security.org. (án dags.). *Major Non-NATO Ally (MNNA)*. Sótt frá Global Security.org: <http://www.globalsecurity.org/military/agency/dod/mnna.htm>
- Hagstofa Íslands. (16. maí 2012). *Vöruviðskipti við útlönd 2011*. Sótt frá Hagtíðindi; Utanríkisverslun: <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=13888>
- Halldór Ásgrímsson. (19. mars 2000). *Ræða ráðherra á fundi Ísland-Palestína félagsins*. Sótt frá Utanríkisráðuneytið: <http://www.utanrikisraduneyti.is/radherra/raedur-og-greinar-isg/nr/488>
- J. Baylis, S. Smith, P. Owens. (2011). *The Globalization of World Politics; an Introduction to International Relations*. New York: Oxford University Press.
- Jackson, R., & Sørensen, G. (2010). *Introduction to International Relations; Theories and Approaches*. New York: Oxford University Press.
- Kuhn, R. (2011). *On the Role of Human Development in the Arab Spring*. Colorado: Institute of Behavioral Science; University of Colorado Boulder.
- Larsen, J. E. (1856). *Um stöðu Íslands í ríkinu að lögum eins og hún hefur verið hingað til*. Kaupmannahöfn: Dómsmálastjórnin. Sótt frá http://www.google.is/books?hl=en&lr=&id=-e9AAAAAcAAJ&oi=fnd&pg=PA1&dq=%C3%ADsland+undir+konungsveldi&ots=EYKI3C94Uo&sig=Fz9bk3KBzeYYaCByAg3mn7AXFg0&redir_esc=y#v=onepage&q=%C3%ADsland%20undir%20konungsveldi&f=false
- Lesbók Morgunblaðsins. (26. janúar 2002). *NATO og stríðið milli Ísraels og Palestínu*. Sótt frá mbl.is: http://www.mbl.is/greinasafn/grein/649063/?item_num=151&dags=2002-01-26
- Milton-Edwards, B. (2011). *Contemporary Politics in the Middle East*. New Jersey: John Wiley & Sons.
- Morgunblaðið. (29. mars 1966). *Sögulegur atburður er forsetinn ávarpaði Knesset*. Sótt frá Morgunblaðið: http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=113103&lang=gl

- Morgunblaðið. (13. janúar 1974). Kynþáttastefna. *Morgunblaðið*(2), bls. 14.
- Morgunblaðið. (8. maí 1990a). *Steingrímur hittir Mubarak og Arafat*. Sótt frá mbl.is:
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/49807/>
- Morgunblaðið. (15. maí 1990b). *Vöruðu við vaxandi hættu á styrjöld í Mið-Austurlöndum - segir Steingrímur*. Sótt frá mbl.is: <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/50212/>
- Morgunblaðið. (19. febrúar 1992). *Forsætisráðherra ræddi við ráðamenn í Ísrael og fulltrúa Palestínnumanna*. Sótt frá mbl.is:
http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=113103&lang=gl
- Morgunblaðið. (21. mars 2000). *Formlegt stjórnámband við Palestínu*. Sótt frá mbl.is:
http://www.mbl.is/greinasafn/grein/525388/?item_num=26&dags=2000-03-21
- Morgunblaðið. (29. nóvember 2012). *Palestína verður áheyrnaríki*. Sótt frá mbl.is:
http://www.mbl.is/frettir/erlent/2012/11/29/palestina_verdur_aheyrnarriki/
- North Atlantic Treaty Organization. (án dags.). *NATO Mediterranean Dialogue*. Sótt frá North Atlantic Treaty Organization:
http://www.nato.int/docu/review/2008/08/FUTURE_OF_NATO/IS/index.htm
- Össur Skarphéðinsson. (18. október 2011a). *Grein ráðherra um frjálsa og fullvalda Palestínu*. Sótt frá Utanríkisráðuneytið: <http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/6473>
- Össur Skarphéðinsson. (11. október 2011b). *Viðurkenning á fullveldi sjálfstæðrar Palestínu*. Sótt frá Vísir.is: <http://visir.is/vidurkenning-a-fullveldi-sjalfstaedrar-palestinu/article/2011710119969>
- Össur Skarphéðinsson. (2012). *Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál*. Reykjavík: Utanríkisráðuneytið.
- Ríkisútvarpið. (15. desember 2011). *Ísland og Palestína*. Sótt frá rúv.is:
<http://www.ruv.is/frett/erlent/island-og-palestina>
- Ríkisútvarpið. (12. október 2012a). *ESB fékk friðarverðlaun Nóbels*. Sótt frá RÚV:
<http://www.ruv.is/frett/esb-fekk-fridarverdlaun-nobels>
- Ríkisútvarpið. (28. nóvember 2012b). *Ísland meðflutningsríki ályktunar*. Sótt frá RÚV:
<http://www.ruv.is/frett/island-medflutningsriki-alyktunar>

- Ríkisútvarpið. (23. nóvember 2012c). *Vilja slíta stjórnmalasambandi*. Sótt frá RÚV:
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/11/23/vilja_slita_stjornmalasambandi/
- Rogan, E. (2011). Regional Overview. Í C. M., *The Arab Spring; Implications for British Policy* (bls. 5). London.
- Sveinn Rúnar Hauksson. (17. desember 1996). *Sameinuðu þjóðirnar, Ísland og Palestína Óslóarsamkomulagið hefur ekki, segir*. Sótt frá mbl.is:
<http://www.mbl.is/greinasafn/grein/304961/>
- Tómas Þór Tómasson. (1984). *Heimstyrjaldarárin á Íslandi 1939-1945; Síðara bindi*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur HF.
- United Nations. (1949). *Plenary meeting of the general assembly*. Sótt frá Zion.is:
<http://zion.is/PDF/Meetings1949.pdf>
- United Nations. (15. desember 2011). *Iceland Recognizes Palestine*. Sótt frá United Nations; The Question of Palestine:
<http://unispal.un.org/unispal.nsf/9a798adbf322aff38525617b006d88d7/60bc7003a8c605ea8525797b0050cb7d?OpenDocument&Highlight=0,iceland>
- Utanríkisráðuneytið (a). (án dags.). *Fríverslunarsamningur milli Íslands og Ísrael*. Sótt frá Utanríkisráðuneytið:
<http://www.utanrikisraduneyti.is/samningar/friverslunarsamningar/nr/389>
- Utanríkisráðuneytið (b). (án dags.). *Erlendar ræðisskrifstofur á Íslandi*. Sótt frá Utanríkisráðuneytið: <http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/send-og-raedisskrifstofur/erlendar/nr/480>
- Utanríkisráðuneytið. (12. janúar 2009). *Utanríkisstefna Íslands og friðarferlið í Mið-Austurlöndum*. Sótt frá Utanríkisráðuneytið:
<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/4724>
- Utanríkisráðuneytið. (20. janúar 2010). *Fyrirsvar Íslands við ríki sem Ísland hefur stjórn mála- eða ræðissamband við og fyrirsvar þeirra gagnvart Íslandi*. Sótt frá Utanríkisráðuneytið: <http://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/send-og-raedisskrifstofur/fyrirsvar/>

Utanríkisráðuneytið. (29. nóvember 2011a). *Alþingi samþykkir viðurkenningu á Palestínu*.

Sótt 27. ágúst 2012 frá Utanríkisráðuneytið:

<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/6508>

Utanríkisráðuneytið. (15. desember 2011b). *Ísland viðurkennir sjálfstæði Palestínu*. Sótt frá

Utanríkisráðuneytið: <http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/6846>

Utanríkisráðuneytið. (5. desember 2011c). *Palestínumenn þakka frumkvæði Íslands*. Sótt frá

Utanríkisráðuneytið: <http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/6515>

Utanríkisráðuneytið. (12. nóvember 2012). *Ráðherrafundur EFTA veitir Palestínu sérstakt framlag úr tæknisjóði*. Sótt frá Utanríkisráðuneytið:

<http://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/nr/7411>

Utanríkisráðuneytið. (án dags.). *Sögulegt yfirlit um utanríkisþjónustuna*. Sótt frá

Utanríkisráðuneytið: <http://www.utanrikisraduneyti.is/raduneytid/sogulegt-yfirlit/>

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. (2004). *Jewish Political Studies Review; Iceland, the Jews, and Anti-Semitism, 1625-2004*. Sótt frá Jerusalem Center for Public Affairs:

<http://jcpa.org/phas/phas-vilhjalmur-f04.htm>

Zhang, X. (án dags.). *NATO þarf að hugleiða framtíð sína*. Sótt frá NATO fréttir:

http://www.nato.int/docu/review/2008/08/FUTURE_OF_NATO/IS/index.htm

Viðauki

Fylgiskjal 1

Innflutningur eftir einstökum löndum og vörudeildum SITC Rev. 4, 2009-2011				
Tekið af vef Hagstofunnar þann 13.11.2012				
		Hlutfall af heild		
		2009	2010	2011
Ísrael	Samtals	100	100	100
	Hlutfall af heildarinnflutningi	0	0	0
	0 Matur og lifandi dýr	13,9	15,5	17,6
	00 Lifandi dýr	-	-	-
	01 Kjöt og unnar kjötvörur	-	-	-
	02 Mjólkurafurðir og egg	-	-	-
	03 Fiskur og unnið fiskmeti	-	-	-
	04 Korn og unnar kornvörur	0,1	0	0,1
	05 Grænmeti og ávextir	13,3	14,8	17,1
	06 Sykur, sykurvörur og hunang	-	-	0
	07 Kaffi, kakó, te, krydd	0	0	0
	08 Skepnufóður, nema ómalað korn	-	-	-
	09 Ýmsar unnar matvörur	0,6	0,7	0,4
	1 Drykkjarvörur og tóbak	0	0	0
	11 Drykkjarvörur	-	0	-
	12 Tóbak og unnar tóbaksvörur	0	-	-
	2 Hráefni, óneysluhæft	0,6	0,6	0,4
	21 Húðir, skinn og loðskinn, óunnið	-	-	-
	22 Olíufræ, olíuhnetur og olíukjarnar	-	-	-
	23 Hrá-, gervi- og endurunnið gúmmí	-	-	-
	24 Korkur og trjáviður	-	-	-
	25 Pappírskvoða og úrgangspappír	-	-	-
	26 Spunatrefjar og úrgangur	-	-	-
	27 Áburður og jarðefni, óunnin	0	0	0
	28 Málmgrýti og málmúrgangur	-	-	-
	29 Óunnar efnivörur dýra-/jurtakyns	0,6	0,6	0,4
	3 Eldsneyti og skyld efni	0	0	0
	32 Kol, koks og mór	-	-	-
	33 Jarðolía og -afurðir og skyld efni	0	0	0
	34 Gas, náttúrlegt og tilbúið	-	-	-
	4 Dýra- og jurtafita, olíur	-	0	0,1
	41 Dýrafeiti og -olía	-	-	-
	42 Jurtafeiti og -olía, óunnin	-	-	0,1
	43 Önnur feiti og olía, unnin	-	-	-
	5 Grunnefni til efnaiðnaðar	47,9	55	39,8
	51 Lífræn kemísk efni	6,7	13,8	8,4
	52 Ólífræn kemísk efni	17,2	18,4	22

53 Litunar-, sítunar- og málunarefni	2,5	1,8	1,1
54 Lyfja- og lækningavörur	0,1	4,8	0,1
55 Rokgjarnar olíur, hreinl.vörur o.fl.	11,1	8,6	6,5
56 Tilbúinn áburður, annar en í 27	2,1	1,6	0,2
57 Plastefni, óunnin	3,2	2,2	0,2
58 Plastefni, unnin	0,6	1,4	0,6
59 Kemísk efni og afurðir, ót.a.	4,4	2,3	0,6
6 Framleiðsluvörur	5,6	7,7	21,1
61 Leður, leðurvörur og loðskinn	0	0	-
62 Unnar gúmmívörur ót.a.	2,1	1,2	0,5
63 Unnar vörur úr korki og trjáviði	0	0	0
64 Pappír, pappi og vörur úr slíku	0,1	0,6	0,4
65 Spunagarn, vefnaður o.þ.h. ót.a.	0,2	0,1	0,7
66 Vörur úr ómálmenndum jarðefnum	0	0,2	0
67 Járn og stál	-	0,4	0,4
68 Málmar aðrir en járn	0,1	0,1	15,2
69 Unnar málmvörur ót.a.	3,1	5,1	3,9
7 Vélar og samgöngutæki	15,3	12,2	10,2
71 Aflvélar og tilheyrandi búnaður	0	0,1	0
72 Vélar til sérstakra atvinnugreina	1,4	1,3	0,5
73 Málmsmíðavélar	0	0	0,1
74 Vélbúnaður til atv.rekstrar ót.a.	4,7	3,1	1,6
75 Skrifstofuvélar og tölvur	0,6	0,5	0,5
76 Fjarskipta- og útvarpsbúnaður	1,4	2,1	1,6
77 Rafm.- og rafeindabún., rafm.tæki	7,2	4,9	5,9
78 Flutningatæki á vegum	0,1	0,2	0
79 Önnur flutningatæki	0	-	0
8 Ýmsar unnar vörur	16,7	8,9	10,8
81 Húshlutar, pípul.efni, ljósabúnaður	0	-	0,2
82 Húsgögn og hlutar til þeirra	4,7	1	1,7
83 Ferðabúnaður, handtöskur o.þ.h.	0	0,6	0,1
84 Fatnaður annar en skófatnaður	0,4	0,3	0,4
85 Skófatnaður	0,1	0,2	0,1
87 Vísinda- og mælitæki ót.a.	4,3	1,8	2,5
88 Ljósmyndavörur, sjóntæki, klukkur	2,7	1,9	3,2
89 Ýmsar iðnaðarvörur, ót.a.	4,4	3,1	2,6
9 Aðrar vörur, ót.a.	0	0	0

